

NÝ-RASISMI Í REYND

Berglind Eygló Jónsdóttir

1. INNGANGUR

Ný-rasismi hefur verið áberandi í umræðunni um rasisma og fjölmenningu undanfarna áratugi. Fjölmenningarstefna hefur af ýmsum verið gagnrýnd, og til dæmis halda sumir því fram að fólki af ólíkum menningaruppruna sé ómögulegt að lifa saman í sátt og samlyndi. Sérstaklega hefur borið á þeim skoðunum að íslömsk menning og vestræn séu ekki samrýmanlegar, og það jafnvel gefið í skyn að íslömsk menning sé ekki jafngild vestrænni. Á móti hafa heyrst þær raddir að slíkur hugsunarháttur falli undir rasisma. Í þessari grein verður fjallað um það hvað ný-rasismi sé og hvernig hann skeri sig frá hinum hefðbundna rasisma eða kynþáttahyggju. Fyrst verður því fjallað um hefðbundinn rasisma sem byggir á hugmyndum um mismunandi líffræðilega eiginleika og þau vandræði sem hann hefur ratað í. Þar næst verður fjallað um þær hugmyndir sem liggja að baki ný-rasisma og hann útskýrður. Sú umfjöllun er mikilvæg þar sem hugtakið er nokkuð flókið og við fyrstu skoðun getur það virst óljóst.

Engin eining ríkir um það meðal þeirra fræðimanna sem fjallað hafa um ný-rasisma hvort hann sé raunverulegt fyrirbæri og er markmiðið að svara því hvort ný-rasismi sé raunverulega til eða hvort hugtakið sé einungis nýtt nafn yfir gamalkunnan rasisma. Einnig hafa aðrir hlutir í tengslum við ný-rasisma verið vefengdir, svo sem hvort rasismi nú til dags sé dulinn, jafn mikið uppi á yfirborðinu og áður og hvort það sé yfirhöfuð eitthvað nýtt við hann. Um þessa gagnrýni verður fjallað í kafla 4 og einnig andsvör við þessari gagnrýni. Umræða hefur verið um spennu á milli vestrænnar menningar og íslam. Í því ljósi verður fjallað um kenningu Samuel Huntingtons um átök menningarheima og því svarað hvort sú kenning feli í sér ný-rasisma. Umfjöllun um óeirðir í Frakklandi árið 2005 verður einnig

skoðuð í ljósi hugmyndarinnar um ný-rasisma og í kjölfarið verður litið á það hvernig múslimskir innflytjendur hafa verið að aðlagast vestrænum samfélögum, og þannig hvort eitthvað sé til í ný-rasískum hugmyndum um að menning þeirra sé ósamrýmanleg vestrænni. Í lok greinarinnar verður þeirri spurningu svo svarað hvort það sé hægt að gagnrýna menningu án þess að það teljist vera ný-rasismi og hvernig megi samþætta fjölmenningarlegar hugmyndir um réttindi ólíkra hópa hugmyndum um réttindi einstaklinga.

2. HVAÐ ER RASISMI?

Hefðbundin skilgreining á rasisma eða kynþáttahyggju felur í sér að mannkynið er álitð skiptast í kynstofna og að á þessum kynstofnum sé áberandi munur varðandi ýmsa eiginleika svo sem greind, glæpahneigð, kynhegðun, dugnað og svo framvegis, en einnig að hægt sé að þekkja þessa hópa í sundur á útlitinu. Einstaklingar eru, af þeim sem aðhyllast kynþáttahyggju, fyrst og fremst metnir út frá þeim kynstofni sem þeir tilheyra og álitnir hafa sömu einkenni og hópurinn. Oft felst í þessum skilgreiningum að einhver einn eða fáir hópar séu æðri og betri en hinir og fordómar eru eitt aðaleinkenna kynþáttahyggjunnar, jafnvel er talið að hún þrífist ekki án þeirra. Litið er niður á hópa sem taldir eru óæðri og þá er jafnframt litið niður á einstaklingana innan hópanna.¹

Kynþáttahyggja er sprottin af greiningu lífvera í tegundir og kyn, líkt og dýrum er skipt upp í tegundir (hunda og ketti til dæmis), og tegundir skiptast svo upp í kyn ef kynin hafa ákveðna arfgenga eiginleika (til dæmis labrador og kjölturakki). Þessi kyn geta verið mjög ólík sín á milli, til dæmis að stærð og styrkleika, en jafnframt geta einstaklingar innan sama kyns verið ólíkir, til dæmis mismunandi á litinn.

¹ Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 113.

Efni þessarar greinar er fyrirbærið ný-rasismi sem talinn er skera sig frá hinum hefðbundna rasisma með áherslunni á menningu í stað kynþáttar, sem sá þáttur sem aðgreinir fólk í hópa. Hugtakið er umdeilt og er í greininni leitast við að skera úr um ýmis álitamál sem upp hafa komið, svo sem hvort ný-rasismi sé raunverulega til, hvort hann sé nýr, hvort hann sé dulinn og hvernig hann skeri sig frá hinum hefðbundna rasisma. Skoðuð eru nokkur dæmi um ný-rasíska hugsun og hvar hún kemur helst fram í nútímanum. Einnig er litið á það hvort slík ný-rasísk hugsun eigi sér stöð í raunveruleikanum. Helstu niðurstöður eru þær að ný-rasismi er raunverulegt fyrirbæri, en þó liggur ekki alltaf í augum uppi að hvaða leyti í honum felist rasismi. Að því leytinu er hann dulinn, þó svo að fólk sé ekki alltaf að fela fordóma sína. Hann er ekki endilega nýtt fyrirbæri en hefur þó orðið meira áberandi á síðustu áratugum, þá sérstaklega í sambandi við samskipti Vesturlandabúa og múslima. Sú kenning að fólk úr þessum tveimur menningarheimum geti ekki búið saman í sátt og samlyndi vegna ólíkrar og ósamrýmanlegrar menningar virðist ekki eiga sér stöð í raunveruleikanum. Að lokum er því svarað hvort hægt sé að gagnrýna menningu án þess að það einkennist af ný-rasisma og niðurstaðan úr því er að það sé í reynd hægt.

HEIMILDASKRÁ

1. Inngangur	13
2. Hvað er rasismi?.....	13
3. Hvað er ný-rasismi?	14
3.1 Breytingar á skilgreiningum á kynþáttum .	14
3.2 Ný-rasismi skilgreindur	15
4. Er ný-rasismi raunverulega til?	16
4.1 Gagnrýni Hege Storhaug á hugtakið um ný-rasisma.....	17
4.2 Er ný-rasismi ekki til? .	18
4.3 Ný-rasismi og þjóðhverfur hugsunarháttur	18
4.4 Er ný-rasismi dulinn? ..	19
4.5 Er ný-rasismi nýr?	19
5. Vestræn menning og íslam	20
5.1 Kenningin um átök menningarheima	20
5.2 Óeirðir í Frakklandi.....	22
5.3 Hvernig aðlagast aðfluttir múslimar á Vesturlöndum?... 23	
6. Er hægt að gagnrýna menningu án þess að það teljist vera ný-rasismi?.....	26
7. Niðurlag	27
Heimildaskrá	28

Þessi flokkun er þó gölluð enda falla ekki allir einstaklingar inn í hana. Hins vegar er ljóst af þessu að mannkynið er bara eitt kyn og skiptist hvorki upp í tegundir né kyn, enda allir einstaklingar með mjög svipaða eiginleika, þó svo að vissulega finnist mikil fjölbreytni hvað varðar útlit og hegðun. Sú fjölbreytni myndi þó falla í einn flokk með sama hætti og fjölbreytni á meðal labradora fellur innan sama flokks.²

Kynþáttahyggiya hefur tvær hliðar. Annars vegar er það tilfinningahliðin og hins vegar fræðilega hliðin. Tilfinningahliðin hefur verið viðloðandi mannkynið lengur en menn muna. Hún beinist að hópum einstaklinga sem greinast frá öðrum hópum í útliti og öðrum félagslegum og menningarlegum einkennum. Andúðin er oft óljós og ekki endilega byggð á neinum rökréttum ástæðum. Nú á tímum er slík andúð yfirleitt ekki vel séð og því er henni leynt eins og hægt er. Fræðilega hliðin er sú hlið sem við sjáum þegar notuð eru vísindaleg eða tölfræðileg rök fyrir því að einn kynþáttur sé óaðri en annar. Þessar tvær hliðar mætast til dæmis þegar fræðimenn hafa látið stjórnast af tilfinningum sínum í garð annarra kynþátta og þegar einstaklingar sem byggja fordóma sína á tilfinningum hafa notast við fræðileg rök til að réttlæta kynþáttahyggiyuna.³

Fræðimenn hafa á seinustu öldum skoðað mannkynið í þessu ljósi. Leitað hefur verið að ýmsum einkennum sem aðgreint geta mannkynið í kynþætti eftir húðlit. Til dæmis hafa heilastærð og greindarvísitala verið mæld, borin hefur verið saman tölfræði um tíðni glæpa, kynhegðun og fleiri atriði sem talið er að einkenni mismunandi kynþætti. Engar þessara rannsóknna hafa borið árangur og svo virðist sem að það eina sem aðgreinir kynþættina frá hver öðrum sé húðliturinn og önnur líkamleg einkenni sem hafa með aðlögun að umhverfinu að gera. Þannig þykir ljóst að mannkynið skiptist ekki í kynþætti líkt og dýrin skiptast í kyn. Kynþáttahyggiya lifir þó enn góðu lífi og fyrir því eru einkum taldar tvær ástæður. Annars vegar vegna fáfræði og hins vegar vegna sálrænna þarfa fólks

til að finna sér blóraböggla og upphefja sinn eigin hóp og þar með sjálft sig.⁴ Jafnframt því sem fótunum hefur verið kippt undan líffræðilegum rökum fyrir aðgreiningu eftir kynþáttum þá hafa rasistar þurft að finna sér nýjar röksemdir fyrir því að mannkynið skiptist í ólíka hópa sem eigi misjafnlega vel samleið.

3. HVAÐ ER NÝ-RASISMI?

Fáir viðurkenna að þeir séu rasistar í dag og jafnvel þeir sem viðurkenna það eiga í erfiðleikum með að skilgreina hvað það er sem greinir kynþættina að eða hve margir kynþættir eru til. Enda, eins og áður hefur komið fram, hefur verið sýnt fram á að kynþættir séu í raun ekki til. Samt eru flestir sammála því að rasismi sé útbreiddur og skapi ýmis vandamál. Þetta leiðir til skilgreiningarvanda á kynþáttum, því ef því er haldið fram að rasismi sé til og sé útbreiddur þarf að vera hægt að segja gegn hvaða hópum hann beinist. Þessi vandi kemur sérstaklega vel í ljós þegar unnið er gegn kynþáttahyggiyu. Þá þarf fyrst að skilgreina hver fórnarlömbin eru og í hverju kynþáttahyggiyan felst, en ef meiningin er að kynþættir séu ekki til þá getur þetta orðið flókið verkefni.⁵

3.1 BREYTINGAR Á SKILGREININGUM Á KYNÞÁTTUM

Í Bretlandi árið 1978 kom þessi vandi berlega í ljós þegar Mandla fjölskyldunni var dæmt í vil í máli gegn einkaskóla sem hafði hafnað syni þeirra inngöngu. Þau voru Sikhar og hafði skólinn meinað syninum inngöngu á þeirri forsendu að túrbaninn hans gengi gegn skólareglum um klæðnað. Í dómnum frá 1983 var vísað til þess að Sikhar væru sérstakur kynþáttur meðal annars vegna langrar sameiginlegrar sögu, eigin menningarhefðar, sameiginlegs landfræðilegs uppruna, sameiginlegra forfeðra, sameiginlegs tungumáls, bókmennta og að þau væru minnihlutahópur í samfélaginu. Einnig var þess getið að einstaklingur teljist

tilheyra kynþætti ef hann telur sig sjálfur tilheyra honum og ef hann er samþykktur af hópnum.⁶

Dómurinn er merkilegur vegna þess að hann notast fyrst og fremst við menningarlega skilgreiningu á kynþætti í stað líffræðilegra atriða svo sem húðlitar. Einnig var opnað fyrir möguleikann á því að einstaklingar skilgreini sig sjálfir, sem getur leitt til handahófskenndra skilgreininga og stuðlar að enn meiri skörun á milli kynþátta. Samkvæmt dómnum er erfitt að sjá að gerður sé nokkur greinarmunur á kynþætti og þjóðerni. Þjóðerni er einmitt hugtak sem einnig er erfitt viðfangs og upprunaleg merking þess sem kemur úr grísku vísar til þess að þjóð sé fólk sem deilir sameiginlegum menningarlegum einkennum. En hvernig á að meta hvaða einkenni það eru sem skilgreina ætti þjóðir út frá? Er það tungumálið eða trúarbrögðin sem skiptir meira máli, eða saga eða menning? Mörg dæmi eru um þjóðir sem lifa í sátt og samlyndi innan sama ríkis og skilgreina sig sem eina þjóð en tala samt nokkur ólík tungumál. Einnig er sjaldgæft að finna heila þjóð þar sem allir einstaklingarnir deila sömu trú. Hugmyndin um trú sem grundvöll þjóðar býður upp á enn meiri skilgreiningarvandamál, t.d. hvað er sameiginleg trú? Er nóg að vera kristinn eða þarf að gera greinarmun á mótmælendum og kaþólikkum? Einnig eru skilgreiningar á þjóðerni oft að breytast og geta farið eftir samhengi og aðstæðum, t.d. eru Skotar kannski aðallega Evrópubúar í augum sumra Afríkubúa, en í augum Englendinga eru þeir Bretar. Í augum Skotanna sjálfra eru þeir svo fyrst og fremst Skotar.⁷ Því er ljóst að út frá menningarlegum þáttum getur verið erfitt að finna eina rétta skilgreiningu á þjóðerni sem getur gengið fyrir alla.

Ernest Gellner byggir sína skilgreiningu á þjóð fyrst og fremst á tveimur þáttum. Annars vegar er menningarlegur þáttur þar sem fólk verður að hafa sömu menningu til að geta talist tilheyra sömu þjóð. Menning í þessu samhengi merkir sameiginlegt kerfi hugmynda og þekkingar og sameiginlegar leiðir til samskipta og hegðunar. Hins vegar er það

² Jóhann M. Hauksson, Kynþáttahyggiya, bls. 8-9.

³ Jóhann M. Hauksson, Kynþáttahyggiya, bls. 7-8.

⁴ Jóhann M. Hauksson, Kynþáttahyggiya, bls. 13.

⁵ Ali Rattansi, *Racisim*, bls. 86-87.

⁶ Ali Rattansi, *Racisim*, bls. 87.

⁷ Ali Rattansi, *Racisim*, bls. 88-89.

viðurkenning á því að tilheyra þjóðinni. Einstaklingur getur varla tilheyrt þjóð ef hann er ekki viðurkenndur meðlimur hennar og sömuleiðis verður hópur fólks ekki að þjóð fyrr en meðlimirnir viðurkenna gagnkvæm réttindi og skyldur hvers annars.⁸ Það verður því að vera til staðar einhvers konar sjálfsvitund þjóðarinnar. Vandamálið við skilgreiningu á menningu er hér enn til staðar sem fyrr, en þessi skilgreining er þó gagnlegri að því leyti að í henni felst gagnkvæm viðurkenning meðlima þjóðar á hver öðrum og fyrrnefnd sjálfsvitund. Þetta býður hins vegar líka upp á vandamál, enda tæplega allir sammála um hvaða skilyrði einstaklingar þurfa að uppfylla til að teljast til þjóðar, og því gætu einhverjir fallið utan skilgreiningarinnar.

Þetta vandamál kannast Hobsbawm við þegar hann segir að hvorki hlutlægar né huglægar skilgreiningar á þjóð séu fullnægjandi. Hann vill ekki nota *a priori* skilgreiningar á þjóð enda segir hann aðeins hægt að bera kennsl á þær *a posteriori*. Hobsbawm notast þó við þá skilgreiningu að nægjanlega stór hópur sem lítur á sig sem þjóð uppfylli það skilyrði að vera þjóð, til þess að geta unnið með hugtakið. En á sama tíma þurfi alltaf að gera sér grein fyrir því að þjóðir eru ekki náttúruleg fyrirbæri, heldur eru þær oft skapaðar og mótaðar af ýmsum þáttum, svo sem opinberri stefnu stjórnvalda, sögu, áhrifamiklum hópum þjóðernissinna, auk þess sem þær eru breytilegar og háðar ýmsum ytri þáttum.⁹ Sjálfsvitund þjóðar og sjálfsskilgreining virðist því vera einn mikilvægasti og gagnlegasti þátturinn í skilgreiningu þjóðar.

3.2 NÝ-RASISMI SKILGREINDUR

Þjóðerni og kynþáttur hafa verið að blandast saman í umræðunni, meðal annars vegna þess hve óljósar skilgreiningarnar eru og vegna þess að þær skarast svo oft. Einnig hefur flækt málin sú tilhneiging að skilgreina hóp fólks eftir landfræðilegum uppruna. Eftir þessum línunum hefur, upp úr 1980,

vaknað umræða um nýja tegund rasisma þar sem líffræðilegri umræðu um kynþætti er hafnað og meiri áhersla er lögð á menningarlega og þjóðernislega þætti sem taldir eru aðgreina fólk í hóp. Hugtakið menning hefur því á vissan hátt komið í staðinn fyrir hugtakið kynþátt með því að draga fram muninn á hópum og stuðla að misrétti milli hópna. Einstaklingar eru svo á sama hátt og í hinum hefðbundna rasisma dæmdir út frá hópnum sem þeir tilheyra, það er menningarhópnum. Þannig að þó svo að sýnt hafi verið fram á að mannkynið skiptist ekki í kynþætti, þá snýst umræðan um hinn nýja rasisma um hvort orðræðan hafi breyst en að rasisminn lifi enn, þó hann miði við aðra þætti en útlitslega þætti. Hugmyndin um ný-rasisma byggir semsagt á því að fólk (sumt fólk) skipti enn mannkyni upp í náttúrulega flokka, eða kynþætti, en nú eftir menningu í stað húðlitar. Þessi ný-rasismi svokallaði er af mörgum sagður vera dulinn, andstætt hinum gamla rasisma sem var líklegri til að vera uppi á borðinu, og einnig er því haldið fram að þessi tegund af rasisma sé að breiðast út, eða taka við af hinum klassíska sem er á undanhaldi. Þessi þróun hefur vakið upp efasemdir um að skipting í rasisma og andrasisma sé nógu góð því að með því að skipta fólki, skoðunum og hegðun í þessa tvo hóp næst ekki að varpa nógu skýru ljósi á hið flókna fyrirbæri sem rasisminn er. Hann liggur einfaldlega ekki alltaf í augum uppi og hann getur blandast á ýmsan hátt öðrum skoðunum.¹⁰

Spurningar hafa vaknað um að hvaða leyti ný-rasismi sé í raun rasismi og einnig hversu nýr hann sé. Hegðun og tal sem myndi falla undir skilgreininguna á ný-rasisma þarf á engan hátt að fela í sér dóma um fólk út frá litarhætti eða neinum öðrum líffræðilegum atriðum. Þannig að ef skilgreiningin á kynþætti sem miðað er við á fyrst og fremst við útlitslega þætti þá liggur ekki alveg í augum uppi hvernig fullyrðingar um menningu og siði ákveðinna hópna geti talist vera af rasískum toga. Þetta er einmitt það sem talið er nýtt við ný-rasismann: Áherslan á menningu og menningarlegan mismun á kostnað útlitslegra skilgreininga á kynþáttum. Þetta er í andstöðu við hina

klassísku kynþáttahyggju sem einblíndi á líffræðilega þætti til skilgreiningar á kynþáttum og útskýrði menningu ólíkra hópna út frá þeim. Hins vegar er mjög algengt, þó það sé ekki alltaf augljóst eða sagt berum orðum, að fullyrðingar um menningarhópna eða þjóðir feli jafnframt í sér fullyrðingar um kynþátt hópsins eða þjóðarinnar enda hefur kynþáttur lengi verið hluti af því hvernig þjóðir skilgreina sjálfar sig og aðrar þjóðir. Einnig er algengt að í slíkum fullyrðingum felist upphafning á ákveðnum menningarhópum eða þjóðum (sérlega oft á hópi þess sem setur fram fullyrðinguna) og þá einnig að einhver eðlislægur munur sé á hópnum. Þannig sést að ekki er alltaf langt bil á milli hins klassíska rasisma og hins nýja.¹¹

Dæmi um röksemdir sem hafa verið vinsælar síðustu áratugi og eru ein af birtingarmyndum ný-rasismans eru þess efnis að innflytjendur séu tregir til að aðlagast hinum nýju samfélögum, til dæmis með því að taka ekki upp siði og venjur í nýja landinu.¹² Þá er dregin upp mynd af hinum menningarlega mismun sem einkennir hópana (heimamenn og innflytjendur af öðrum litarhætti) og látið í veðri vaka að þessi mismunur sé innflytjendunum meðfæddur. Á sama tíma eru innflytjendum send skilaboð um að ríkisborgararéttur sé ekki það sama og að einstaklingur tilheyri þjóðinni og þá er komið svokallað „Catch 22“. Kröfur eru gerðar um aðlögun á sama tíma og innflytjendur eru sagðir óhæfir til að aðlagast því þeir séu svo ólíkir heimamönnum og þeim er gert erfiðara fyrir með ýmsum hætti.¹³

Líffræði kemur aftur inn í myndina af kynþáttum skilgreindum út frá menningu þegar látið er í veðri vaka að það sé manninum í blóð borið að vilja vernda land sitt, menningu og þjóð fyrir utanaðkomandi hópum og að þetta tengist ekki kynþáttahyggju á neinn hátt. Þannig er það talið manninum náttúrulegt að vilja vernda og telja sig tilheyra þjóð eða hópi sem á sameiginlegan bakgrunn og einnig að fjandskapur við utanaðkomandi sé

¹¹ Ali Rattansi, *Racism*, bls. 97-98.

¹² Sjá til dæmis: Nick Griffin, „Third World Immigration Turns London into Middle East Battleground“, *The British National Party Website*, 11. janúar 2009, (sótt þann 15. september, 2009).

¹³ Ali Rattansi, *Racism*, bls. 101.

⁸ Ernest Gellner, *Nations and Nationalism*, bls. 7.

⁹ Eric J. Hobsbawm, *Nations and Nationalism since 1780*, bls. 8-10.

¹⁰ Ali Rattansi, *Racism*, bls. 95-96.

eðlilegur og náttúrulegur. Út frá þessu er dregin sú ályktun að fólk ætti ekki að reyna að setjast að í samfélögum sem eru ólík þess eigin uppruna. Þannig hefur þróast hugmynd um náttúruleg heimkynni fólks út frá menningu og í kjölfarið sú hugmynd að mismunandi menningarhópar (kynþættir) geti ekki lifað saman í sátt og samlyndi, enda sé það ekki í eðli þeirra.¹⁴ Slíkar röksemdir hafa verið notaðar af hinum ýmsu stjórnmalaflokkum víða um heim, þá sérstaklega hægri-öfgaflokkum, sem vilja takmarka innflutning fólks til landa sinna. Hér á Íslandi hafa slík rök verið notuð meðal annars af þingmönnum Frjálslynda flokksins¹⁵, í Frakklandi af Front National, flokki Jean-Marie Le Pen¹⁶ og í Austurríki af FPÖ, flokki Jörg Haider.¹⁷

Michel Wieviorka telur þá tíð liðna þegar auðvelt var að gera skýran greinarmun á rasistum og andrasistum enda eigi orðið rasisti ekki lengur eingöngu við augljósustu dæmin um rasisma.¹⁸ Það flækir ennþá meira málin þegar þeir sem sakaðir eru um kynþáttahyggju eða fordóma í garð litaðra sverja af sér fordóma og vilja ekkert kannast við að hafa neitt á móti því fólki sem tilheyrir þeim hópi sem það er sakað um að hafa fordóma fyrir. Ennfremur koma upp flækjur þegar þeir sem gefa sig út fyrir að vera andrasistar eru sakaðir um rasisma, eða þá að aðgerðir sem vinna eiga gegn rasisma eru sagðar einkennast af rasisma eða ýta undir hann (sjá til dæmis *The Scar of Race* eftir Sniderman og Piazza). Það er því augljóst að umræða um rasisma hefur breyst og jafnvel rasisminn sjálfur. Því er brýn þörf á að skerpa á þeim skilgreiningum sem notaðar eru,

¹⁴ Ali Rattansi, *Racism*, bls. 103-104.

¹⁵ Sjá til dæmis: Grétar Mar Jónsson, 17. apríl 2008, Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20080417T190103.html> (sótt 5. september 2009). Jón Magnússon, *Ísland fyrir Íslendinga*, 9. nóvember, 2006. Heimasíða Frjálslynda flokksins, slóð: <http://old.xf.vefurinn.is/index.php?meira=1552>, (sótt 5. september, 2009).

¹⁶ Adar Primor, „The veil? It protects us from ugly women,” *The Guardian*, 25. apríl 2002.

¹⁷ *Reuters.com*, Austria's Haider says to ban mosque building, 27. ágúst, 2007 (sótt þann 11. september, 2009).

¹⁸ Michel Wieviorka, „Is it So Difficult to Be an Anti-Racist”, bls. 139.

þar sem þær gömlu ná ekki yfir allt litrófið og eiga það til að valda misskilningi.

Eins og Wieviorka bendir á þá er ekki hægt að flokka alla mismunun sem rasisma, hún getur einnig verið félagsleg eða menningarleg. Það sem þarf að svara er hins vegar hvort það sé lögmætt og jafnvel gagnlegt að tala um menningarlegan rasisma eða ný-rasisma í einhverjum tilfellum. Samkvæmt skilgreiningu Wieviorka á ný-rasisma snýst hann um að gerður sé greinarmunur á kynþáttum sem er ekki náttúrulegur eða líffræðilegur heldur bundinn við tungumál, trú, hefðir og þjóðernislegan uppruna. Jafnframt snýst hann um að framandi menning sé ósamrýmanleg menningu ný-rasistans, en einnig að hans eigin menningu sé ógnað af utanaðkomandi menningu.¹⁹ Í þessu sambandi þarf alltaf að átta sig á samhengi hlutanna, því þó að ekki ríki fullkomið samlyndi milli tveggja menningarhópa þá er ekki þar með sagt að aðilar úr öðrum eða báðum menningum eða menningarheimum séu rasistar.

Wieviorka telur mögulegt að tala um menningarlegan rasisma í þeim tilfellum þegar rasistarnir trúa því að náttúrulegur grundvöllur sé fyrir ákveðinni menningu, þjóðerni eða trú, en mikilvægt sé að rugla ekki saman átökum milli kynþátta, lítilmótlegum sem ofbeldisfullum, við rasisma sem felur óhjákvæmilega í sér hugmynd um náttúru eða eðli.²⁰ Hér kemur aftur í ljós hve mikilvægt samhengið er þegar leggja á mat á hvaða hegðun flokkast undir ný-rasisma og hver ekki, hvaða samfélagslegu aðstæður eru til staðar og hvaða hugsun liggur á bak við átök eða óvild milli hópa.

4. ER NÝ-RASISMI RAUNVERULEGA TIL?

Hugtakið ný-rasismi er nokkuð flókið og við fyrstu skoðun getur það virst óljóst. Ekki liggur í augum uppi hvernig fordómar sem byggjast á menningu geta talist vera kynþáttahyggja. Í félagsvísindum sem

¹⁹ Michel Wieviorka, „Is it So Difficult to Be an Anti-Racist”, bls. 142.

²⁰ Michel Wieviorka, „Is it So Difficult to Be an Anti-Racist”, bls. 142.

og öðrum vísindum er mikilvægt að hugtök séu skýr og lýsi raunverulegum fyrirbærum til þess að umræða sé ekki ruglingsleg eða á villigötum. Engin eining ríkir um það meðal þeirra fræðimanna sem fjallað hafa um ný-rasisma hvort hann sé yfirhöfuð raunverulegt eða nýtt fyrirbæri. Einnig hafa aðrir hlutir í tengslum við ný-rasisma verið vefengdir, svo sem hvort rasismi nú til dags sé dulinn eða hvort rasismi í dag sé yfirhöfuð ólíkur hinum klassíska. Mjög mikilvægt er að varpa ljósi á þessi atriði vegna þess að það getur verið afar skaðlegt fyrir umræðuna, og einnig fyrir baráttuna gegn kynþáttahyggju, ef einstaklingar fá á sig það orð að vera rasistar eða ný-rasistar, ef þeir eru það ekki. Einnig er mikilvægt að skýrt sé hvaða orð og gjörðir feli í sér ný-rasisma, einkum til þess að bæla ekki niður umræðu af ótta við rasistastimpil, en einnig til þess að hugtakið rasismi verði ekki það vítt í hugum fólks að það glati merkingu sinni.

Mál Mandla fjölskyldunnar sem sagt var frá í kafla 3.1 sýnir að skilgreiningar á því hvað taldist vera kynþáttur voru að færast til og breytast á síðustu áratugum síðustu aldar. Kynþættir voru í auknum mæli skilgreindir út frá menningarlegum þáttum, enda var ekki lengur grundvöllur fyrir því að skilgreina þá út frá líffræðilegum þáttum því sýnt hafði verið fram á með margvíslegum hætti að líffræðilegir kynþættir væru ekki til. Það er athyglisvert að ekki var hætt að notast við skilgreiningar á kynþáttum (enda þurfti að skilgreina fórnarlömb kynþáttamismunar) heldur var notast við nýjar skilgreiningar sem voru ólíkar hinum hefðbundnu, eins og í Mandla málinu. Ef skilgreiningar á kynþáttum voru að breytast þá er ekki alveg óeðlilegt að halda því fram að fordómar hafi einnig verið að breytast, að því gefnu að þeir hafi haldið áfram að vera til staðar.

Fræðilega séð þá mætti ef til vill frekar skilgreina hinn nýja rasisma sem útlendingahatur eða sem þjóðhverfan hugsunarhátt þegar engar vísanir eru í líffræðilega eiginleika kynþátta. En í reynd þá er menning oft notuð sem skilgreining á einhverjum hópum og hún talin vera þeim náttúruleg og óbreytanleg. Þannig festast sumir hópar með staðalímynd, til dæmis gyðingar

sem fégjarnir og Afríkubúar sem ofbeldisfullir eða frumstæðir. Þessar staðalímyndir verða þekktar um langan tíma og leiða til þess að aðgreining á því menningarlega og því líffræðilega máist út. Á endanum fer fólk að dæma einstaklinga sem meðlimi í ákveðnu menningarsamfélagi eftir útlitinu og telur einstaklingana hafa sömu menningarlegu eiginleika og sá hópur sem hann líkist.²¹

Það sem liggur hér að baki er svokölluð eðlishyggja (essentialism), en í henni felst að ákveðin menning sé í eðli ákveðinna hópa og sé óbreytanleg.²² Þetta gerir það að verkum að hægt er að tala um ákveðna kynþætti út frá menningunni sem helst einkennir þá. Í þessum skilningi er hægt að tala um menningarlegan rasisma þótt fræðilega séð þurfi engar beinar líffræðilegar skilgreiningar á bak við menningarhópinn. Þetta er sérstaklega áberandi í umræðu um tregðu innflytjenda af ólíkum menningarhópum til að aðlagast nýju samfélögum; upprunalega menningin er í eðli þeirra og því geta þeir ekki breytt siðum sínum og venjum. Alhæfingar og staðalímyndir um kynþætti sem vinsælar eru í dægurmenningu og byggjast opinberlega eingöngu á menningu, byggja í raun á samblandi ýmissa hugmynda úr samfélaginu sem litarhaft og útlit eru dæmi um. Því þarf alltaf að vega og meta þjóðfélagslegt samhengi þegar leggja á mat á hvort staðhæfingar um menningu séu af rasískum toga þar sem í umræðunni er kannski gerð skýr aðgreining á kynþáttum og menningu þó undirliggjandi sé þessu öllu blandað saman.²³

4.1 GAGNRÝNI HEGE STORHAUG Á HUGTAKIÐ UM NÝ-RASISMA

Hin norska Hege Storhaug, sem vinnur fyrir hugmyndasmiðjuna Human Rights Service, heldur því fram að íslamshræðsla (íslamófóbía) og ný-rasismi séu úthugsuð hugtök sem hafi verið búin til nýverið í þeim tilgangi að magna upp aðgerðalömun og kæfa

frjálsa umræðu.²⁴ Hún telur að það að nota orð eins og „fóbía“ sé eftirlíking aðferða sem notaðar voru á tímum Stalíns, þegar andstæðingar voru skilgreindir sem sjúkir. Í staðinn telur hún að margir þjáist af því sem hún kallar íslamófíl eða íslamshneigð, sem lýsir sér sem of mikið umburðarlyndi fyrir menningarlegum þáttum íslam sem geta gengið gegn lýðræðislegum hugsjónum Vesturlandabúa. Þetta telur hún að sé oft einkenni á fjölmenningshyggju, þar sem réttindi hópsins eru höfð að leiðarljósi.

„Ný-rasismi“ kallar hún lymskufullan orðalepp og fullyrðir að þeir sem gagnrýni hinar ýmsu hliðar íslam myndu flokkast sem ný-rasistar. Hún telur að með notkun hugtaksins ný-rasisma sé öllum múslimum safnað saman í einn kynþátt, og að þeir sem noti það telji margir hverjir að múslimar séu nú orðnir hinir nýju gyðingar Evrópu. Þá á hún við að þeir sem halda fram tilvist ný-rasisma telji að múslimar séu farnir að sæta álíka meðhöndlun og gyðingar sættu í Evrópu á tímum Hitlers. Þetta telur hún sérstaklega særandi þar sem hún telur múslima standa að baki auknum árásum á gyðinga í Evrópu og að þeir njóti margs konar styrkja og velferðarþjónustu í evrópskum löndum og séu verndaðir gegn misrétti, þegar aðrir hópar þyrftu kannski frekar á því að halda, eins og til dæmis konur sem beittar eru ofbeldi heima fyrir.²⁵

Hege Storhaug færir ekki góð og málefnaleg rök fyrir afstöðu sinni. Það eru ekki góð rök gegn því að nota orðið íslamshræðsla að slík viðskeyti hafi verið notuð gegn óvinum á tíma Stalíns. Þetta sýnir ekki fram á að íslamshræðsla sé ekki til. Hún misskilur einnig hugtakið ný-rasismi þegar hún segir að með notkun hugtaksins sé öllum múslimum safnað saman í einn kynþátt. Það eru einmitt hinir meintu ný-rasistar sem það gera, en ekki þeir sem tala um að fyrirbærið ný-rasismi sé til. Þrátt fyrir að ýmislegt sé athugavert við hennar túlkun á málunum þá er það góðra gjalda vert að vekja athygli á þeim vandamálum sem skapast ef hugtök eru óljós eða útþynnt. Hún segir

að hugtökin hafi verið fundin upp til þess að kæfa frjálsa umræðu, en með því á hún líklega við að fólk veigri sér við því að gagnrýna hinar ýmsu hliðar íslamskrar menningar (eða annarra menninga), svo sem hjónabandsþvinganir og tilskipanir um klæðaburð, af ótta við að fá á sig það orð að vera ný-rasistar. Eins og kemur í ljós í kafla 6 þá er þetta einföldun á raunveruleikanum því að vel er hægt að gagnrýna og hafa skoðanir á ýmsum menningaratriðum, og þar með taka tillit til réttinda einstaklinga, án þess að vera ný-rasisti. En til þess að fyrirbyggja ofnotkun orðsins er mikilvægt að ljóst sé hvað felst í því að vera ný-rasisti, og hvað ekki.

Eins og kom fram í kafla 3.2 þá er ný-rasismi skilgreindur í þessari grein þannig að í honum felist áhersla á menningu og menningarlegan mismun til þess að greina á milli kynþátta, í stað útlitslegra einkenna. Einnig að þó svo að það sé ekki sagt berum orðum þá fela fullyrðingar um menningarhópa og þjóðir oft jafnframt í sér fullyrðingar um kynþátt hópsins, því oft eru meðlimir menningarhóps skilgreindir sem af sama kynþætti líka. Miðað við þessa skilgreiningu þá bendir ýmislegt til þess að hægt sé að segja að Hege Storhaug sé ný-rasisti, þó svo að hún berjist fyrir mannréttindum innflytjenda og múslima (þá sérstaklega kvenna). Sem dæmi má taka skoðun hennar á banni danskra stjórnvalda við því að fólk yngra en 24 ára giftist einstaklingum frá löndum utan Evrópusambandsins. Þessi löggjöf var sett á í þeim tilgangi að „vernda unga fólkið gegn þvingunarhjóraböndum, með því að sjá til þess að þau séu eldri, þroskaðri og sjálfstæðari þann dag sem þau hugsanlega ganga í hjónaband. Þannig geti þau átt auðveldara með að berjast gegn þrýstingi og þvingunum.“²⁶

Bannið (og stuðningur við bannið) gerir ráð fyrir því að foreldrar, úr þeim menningarhópum sem banninu er ætlað að hafa mest áhrif á (og það eru ekki Danir eða aðrir Evrópubúar), séu þvingunargjarnir eða ofbeldisfullir og að stúlkur (fyrst og fremst er verið að reyna að vernda stúlkur) séu undirgefna, og í framhaldi af því að

²⁴ Hege Storhaug, *Dýrmætast er frelsið*, bls. 322.

²⁵ Hege Storhaug, *Dýrmætast er frelsið*, bls. 322-323.

²⁶ Hege Storhaug, *Dýrmætast er frelsið*, bls. 270-271.

hjonabönd með einstaklingum frá upprunalandinu séu þvinguð. Gert er ráð fyrir að ungar stúlkur úr þeim hópum sem bannið tekur til séu óhæfar til að hafa nokkur áhrif á líf sitt, að frelsi og vilji einstaklinga, bæði foreldra og barna, séu ákaflega takmörkuð og að öllum gjörðum þeirra sé stýrt af menningu sem talin er einkenna upprunalandið. Horft er á múslimska innflytjendur sem viljalausa gerendur eða fórnarlömb. Þetta er dæmi um ný-rasisma, þar sem einstaklingarnir eru dæmdir út frá menningu sem þeir eru taldir tilheyra, og gert er ráð fyrir að þeir séu í raun þrælur þessarar menningar án nokkurs einstaklingsvilja.

Eins og segir í kafla 2. um hinn hefðbundna rasisma þá eru einstaklingar „sem aðhyllast kynþáttahyggju, fyrst og fremst metnir út frá þeim kynstofni sem þeir tilheyra og álitnir hafa sömu einkenni og hópurinn.“ Ef skipt er út orðinu „kynstofn“ og orðið „menningarhópur“ sett inn í staðinn, í anda ný-rasisma, má sjá að það er einmitt þetta sem Storhaug gerir. Hún metur einstaklinga fyrst og fremst út frá því hvaða menningarhópi þeir tilheyra, það er íslam, og álitur að þeir hafi sömu einkenni og hópurinn.

4.2 ER NÝ-RASISMI EKKI TIL?

Paul M. Sniderman og Thomas Piazza gáfu út bókina *The Scare of Race* árið 1993 þar sem þeir sögðu frá rannsóknum sínum á stöðu og áhrifum kynþáttahyggju á stjórnmál níunda og tíunda áratugarins í Bandaríkjunum. Einnig skoðuðu þeir hvort ný tegund rasisma hefði komið fram á sjónarsviðið sem væri duldari og lúmskari en sá hefðbundnari. Þeir segja að það sé algeng skoðun fólks að nú á seinni tímum finnist fólki eins og það geti ekki sagt opinberlega frá sínum raunverulegu skoðunum á fólki af öðrum kynþáttum (þeir rannsaka þó fyrst og fremst skoðanir hvíttra á svertingjum). Þetta þýði þó ekki að fordómar hafi breyst heldur einungis hvað fólk er tilbúið til að segja upphátt.²⁷

²⁷ Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 36.

Hinn nýi rasismi er ekki skilgreindur ýtarlega í verkinu. Þeir eru fyrst og fremst að rannsaka hvort rasismi hafi eitthvað breyst, en einnig hvort hann sé í dag duldari en hann var áður. Þeir virðast telja að það sé helsta einkenni hins nýja rasisma, en fara lítið í þátt menningar í fordómum fólks. Þó ræða þeir eitthvað þá kenningu að fólk sem aðhyllist hefðbundin bandarísk gildi sé líklegra til að vera fordómafullt gagnvart svertingjum og að því leyti er gert ráð fyrir að menning skipti máli í kenningunni um hinn nýja rasisma, en þó eingöngu menning þess fordómafulla. Þó að skilgreiningin á hinum nýja rasisma sé eitthvað á reiki og að þeir séu ef til vill ekki að kanna nákvæmlega sama fyrirbæri og er til umfjöllunar hér þá er athyglisvert að skoða niðurstöður þeirra um hvort eðli rasisma hafi breyst og hvort hann sé dulinn að einhverju leyti.

4.3 NÝ-RASISMI OG ÞJÓÐHVERFUR HUGSUNARHÁTTUR

Þjóðhverfur hugsunarháttur er hugtak sem bandaríski félagsfræðingurinn William Graham Sumner kynnti til sögunnar snemma á tuttugustu öld. Það er: „faglega heitið yfir það viðhorf þegar manns eigin hópur er miðpunktur alls, sem allir aðrir eru vegnir og metnir út frá. [...] Hver hópur nærir eigið stolt og hégóma, stærir sig af því að vera æðri, upphefur eigin kosti og lítur niður á þá sem standa utan hópsins. Hver hópur lítur á sína siði og venjur sem þá einu réttu...“²⁸

Samkvæmt höfundum bókarinnar *The Authoritarian Personality* vísar hugtakið um þjóðhverfan hugsunarhátt til áherslunnar á þjóðernishóp í stað kynþáttar, en einnig kerfisbundinnar tilhneigingar fordómafullra einstaklinga til að gera greinarmun á og mislíka við aðra þjóðernishópa en þeirra eigin, en jafnframt að gera eigin hópi og jafnvel öðrum hópum sem þeir samsama sig við hátt undir höfði.²⁹ Þannig hafa fordómarnir ekkert að gera með hópana sem fordómarnir beinast gegn, heldur geta þeir beinst gegn hvaða hópum sem

²⁸ William Graham Sumner, *Folkways*, bls. 13.

²⁹ Daniel J. Levinson, „The Study of Ethnocentric Ideology“, bls. 103, 150.

er. Eins og sést á þessum skilgreiningum þá er ekki stórmunur á þjóðhverfum hugsunarhætti og ný-rasisma. Munurinn felst fyrst og fremst í því að í þjóðhverfum hugsunarhætti þá er mannkyni skipt upp í þjóðir eða þjóðfélagshópa, en í ný-rasisma er mannkyni skipt upp í menningarhópa. Í báðum tilfellum eru einstaklingar svo dæmdir út frá því hvaða hópum þeir tilheyra, og eigin hópi er gert herra undir höfði en öðrum. Hins vegar er það þannig að þegar þjóð og menningarhópur renna saman þá getur verið erfitt að gera greinarmun á þessum hugtökum. Þá er átt við það þegar þjóðir eru skilgreindar út frá menningu; þjóð og menningarhópur er það sama (en eins og kom fram í kafla 3.1 þá er menning ekki mjög gagnleg skilgreining á þjóð).

Sniderman og Piazza halda því fram að fyrr á öldinni hafi mátt rekja neikvæðar staðalímyndir svertingja til þjóðhverfs hugsunarháttar, en að í dag sé farið að tala um „nýjan rasisma“. Þeir vilja hins vegar meina að rasisminn hafi ekki breyst og eigi enn rætur sínar að rekja til þjóðhverfs hugsunarháttar. Þannig sé sá rasismi sem til staðar sé í dag (eða 1993 þegar bók þeirra kom út) í grunninn sá sami og hann var um miðja síðustu öld í Bandaríkjunum.³⁰

Þessu til stuðnings vísa þeir í niðurstöður rannsókna á viðhorfum fólks til ýmissa minnihluta- eða jaðarhópa. Til dæmis gefur það góða vísbendingu um að fólk hafi neikvætt viðhorf til svartra, ef það hefur neikvætt viðhorf til gyðinga og svo framvegis. Samræmi í slíkum svörum túlka þeir sem merki um að einstaklingurinn sé fordómafullur.³¹ Þessi þjóðhverfi hugsunarháttur sem talinn er hafa einkennt rasisma um miðja tuttugustu öldina virðist því enn einkenna rasisma samkvæmt þessari rannsókn, og þessar niðurstöður benda því ekki til þess að eðli rasismans hafi mikið breyst. Eins og áður sagði er þó oft ekki mikill munur á þjóðhverfum hugsunarhætti og ný-rasisma, það er, þegar þjóð og menningarhópur renna saman. Sniderman og Piazza voru ekki að rannsaka fordóma gagnvart fólki af

³⁰ Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 53.

³¹ Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 53-55.

framandi menningaruppruna. Þeir rannsökuðu fordóma hvíttra Bandaríkjamanna gagnvart svörtum, og það sömu þjóðar og með mjög svipaða menningu. Þessar niðurstöður eiga því ekki nógu vel við þann ný-rasisma sem skoðaður er í þessari grein, þar sem það má vel vera að þeir hafi mælt þjóðhverfan hugsunarhátt en ekki ný-rasisma, en ný-rasismi sé samt sem áður til. Hann beinist þá kannski gegn öðrum og ólíkari hópum.

4.4 ER NÝ-RASISMI DULINN?

Sú hugmynd að rasismi sé dulinn í meira mæli en áður er orðin nokkuð útbreidd og er talinn einkenna að einhverju leyti ný-rasisma. Ástæðan er talin vera sú að það samræmist ekki pólitískri rétthugsun að láta í ljós neikvæðar skoðanir á fólki af öðrum litarhætti, en einnig að með áherslu á menningu í stað líffræðilegra þátta liggur ekki beint í augum uppi að um rasisma sé að ræða. Á móti hefur því verið haldið fram að í raun sé rasismi ekki dulinn heldur sé hann ekki lengur til staðar í neinum verulegum mæli. Styrkur ný-rasismans er sagður byggjast á því að hann virðist ekki vera rasismi við fyrstu sýn.

Þó svo að eitthvað falli ekki að pólitískri rétthugsun þýðir það ekki að það sé ekki til staðar meðal almennings eða ákveðinna hópa. Til dæmis segir fólk frekar að það vilji ekki að svartir fái opinbera aðstoð vegna þess að þeir hafi ekki nógu mikla sjálfsbjargarviðleitni heldur en að segja að það vilji ekki að þeir njóti aðstoðar vegna þess að þeir eru svartir. Þannig beinist gagnrýni í garð svartra að því að þeir brjóti í bága við viðurkennd gildi í bandarískri menningu, þá sérstaklega gildi um vinnusemi og frumkvæði einstaklingsins. Þessi ný-rasismi sýnir sig því sem stuðning við hefðbundin bandarísk gildi í stað óvildar í garð svartra, þó svo að óvildin sé enn til staðar.³² Sniderman og Piazza rannsökuðu hvort eitthvað væri til í því að rasismi væri dulinn með því að athuga hvort samræmi væri á milli þess hvernig hvítt fólk kemur fram við svertingja, og það sem það hafði sagt

um svertingja. Þetta var gert með því að setja viðmælendur í það hlutverk að þurfa að velja hverjir ættu rétt á opinberri aðstoð eftir að hafa misst vinnuna. Skjólstæðingarnir höfðu hins vegar ekki reynst alveg áreiðanlegir starfskraftar og það átti að gefa átyllu til að neita þeim um aðstoð.³³

Í ljós kom að þeir viðmælendur sem höfðu lýst sér sem frjálslyndum hætti ekkert frekar við að mismuna eftir kynþætti með hegðun sinni. Ef eitthvað var þá voru þeir líklegri til að mismuna eftir kyni. Þeir sem höfðu lýst sér sem íhaldssömum voru líklegri til að veita svörtum opinbera aðstoð heldur en hvítum. Hins vegar skipti kynið í þessu tilfelli ekki máli.³⁴ Þetta virðist ganga í berhög við kenninguna um að rasismi sé í dag duldari en áður, því annars hefðu fleiri eflaust nýtt sér þá staðreynd að skjólstæðingarnir höfðu ekki reynst fullkomlega áreiðanlegir starfskraftar og neitað þeim um aðstoð á þeim grundvelli. Þessi tilraun sýnir þó ekki þær hugmyndir sem hvítir þátttakendur höfðu þegar myndað sér um svertingja, og sýndi því einungis hvernig fólk er líklegt til að haga sér gagnvart einstaklingum.

Önnur tilraun var gerð í þeim tilgangi að sýna viðbrögð fólks við svörtum sem hópi í stað þess að sýna viðbrögð þess við svörtum einstaklingum. Tilgangurinn var að gefa svigrúm fyrir viðmælendur til að mynda sér skoðun byggða á hugmyndum þeirra um svarta almennt. Niðurstöðurnar benda til þess að fordómar séu frekar til staðar hjá fólki þegar kemur að því að ákveða aðstoð fyrir hópa heldur en fyrir einstaklinga, en þessir fordómar eru ekki bundnir við pólitískt sjónarhorn fólks eða hefðbundna bandaríska menningu. Það sem virðist hafa mest áhrif á fordóma fólks er menntunarstig.³⁵ Þessi rannsókn virðist því sýna að menningarbakgrunnur fólks skipti litlu máli þegar kemur að fordómum, og að auk þess séu fordómarnir ekki líklegir til þess að vera duldir. Þessi rannsókn einblínir þó fyrst og fremst á hvíta Bandaríkjamenn og fordóma þeirra gagnvart svörtum

Bandaríkjamönnum, en ekki fólki úr öðrum menningarheimi og er því kannski ekki alveg áreiðanleg þegar kemur að því að meta til dæmis hlutverk menningar í fordómum fólks gagnvart til dæmis múslimum. Þeir eru ekki að mæla fordóma gagnvart menningu sem er ólík eigin menningu fólks, heldur eru þeir að mæla fordóma eftir menningarbakgrunni þess sem hefur fordómanna. Þegar talað er um að ný-rasismi sé dulinn þá er helst verið að vísa til þess að ekki er beint vísað í líffræðilegan kynþátt, og jafnvel í engan kynþátt yfirhöfuð, því að áherslan er á menninguna. Þannig getur yfirbragðið verið mjög órasískt þó svo að rasismi liggja til grundvallar skoðunum fólks. Hins vegar er einnig til fullt af fólki sem liggur ekki á skoðunum sínum, jafnvel þótt þær einkennist af fordómum í garð einhvers ákveðins hóps.

4.5 ER NÝ-RASISMI NÝR?

Etienne Balibar heldur því fram að rasismi án áherslu á líffræðileg einkenni, heldur frekar á menningarleg einkenni hafi alltaf verið til, og að gyðingahatur sé eitt best þekkta dæmið, þar sem hatrið á gyðingum byggir reyndar að einhverju leyti á líffræðilegum atriðum en þó helst á menningarlegum. Líffræðilegu einkennin skipta máli, en þau eru þó frekar tekin sem merki um andlegan og sálfræðilegan arf frekar en líffræðilegan. Þetta telur hann lýsa vel undirokun Frakka á múslimum og múslimahræðslu nútímans. Á sama hátt og menning gyðinga hefur verið talin í eðli þeirra, þá er litið á íslam sem heimssýn sem sé ósamrýmanleg hinni evrópsku heimssýn, og þessi íslamska heimssýn er talin í eðli múslima. Hugtökunum „arabískur“ og „íslamskur“ er síðan kerfisbundið blandað saman.³⁶

Á meðan bæði menningarlegir og líffræðilegir þættir skipta máli þegar kemur að rasisma, þá hafa líffræðilegir þættir minna skýringargildi en áður heldur en þeir menningarlegu í þeim flókna rasisma sem hefur verið að þróast síðustu áratugina. Enda eru

³² Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 68.

³³ Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 70.

³⁴ Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 72-73.

³⁵ Paul M. Sniderman, Thomas Piazza, *The Scar of Race*, bls. 82.

³⁶ Etienne Balibar, „Is There a ‘Neo-Racism’?“, bls. 23-24.

líffræðilegir þættir oftast ekki ráðandi í tali eða aðgerðum rasista, eða í staðalímyndum um fólk af öðrum menningaruppruna.³⁷ Menningarlegi þátturinn í fordómum fólks kom vel fram í Englandi, þar sem komið hefur í ljós í hinni árlegu Social Attitudes Survey að almennt er álitnið að fólk af asískum uppruna verði fyrir meiri fordómum en fólk af afrískum uppruna. Ennfremur hefur komið í ljós að munurinn hefur aukist og að það er aðallega fólk yngra en 35 ára og fólk af lægri samfélagsstigum sem er fordómafullt. Í hópi hvíttra sem viðurkenna fordóma sína eru 14% sem viðurkenna fordóma sína gagnvart fólki af asískum uppruna en aðeins 5% viðurkenna að hafa fordóma gagnvart svörtu fólki. Af þeim sem viðurkenna fordóma sína og eru 35 ára og yngri viðurkenna 20% fordóma gagnvart asísku fólki á móti 5% sem viðurkenna fordóma gagnvart svörtu fólki.³⁸

Menningarlegur rasismi er líklegur til að beinast frekar gegn þeim minnihlutahópum sem vilja viðhalda einhverjum grundvallarþáttum úr menningu sinni eða trúarbrögðum. Rannsókn sem framkvæmd var árið 1994 af A Policy Studies Institute sýndi að allir þjóðernishópar trúa því að mestir fordómar séu gegn Asíubúum almennt, en þá sérstaklega múslimum, en jafnframt að Asíubúar líti sjálfir svo á að fordómar gegn Asíubúum séu fyrst og fremst fordómar gegn múslimum.³⁹ Ástæðan gæti verið sú trú að múslimar kjósi að halda sérstaklega fast í upprunalega menningu og trú þó þeir séu sestir að í vestrænum samfélögum, og séu því ósamrýmanlegir vestrænni menningu. Ástæðan gæti þó einnig verið að múslimar séu líklegri til að standa ver en aðrir bæði félagslega og fjárhagslega sem takmarkar þátttöku þeirra í samfélaginu og getur stuðlað að fordómum í þeirra garð. Það er spurning hvort kom á undan, fordómar gagnvart múslimum og í kjölfarið verri samfélagsstaða, eða hvort slæm samfélagsstaða hafi átt þátt í að stuðla að fordómum gagnvart múslimum.

Fordómar virðast því beinast í mismiklum mæli að fólki af mismunandi uppruna og menningu. Fólk virðist skynja fordóma í garð ákveðinna hópa sem fordóma vegna trúarbragða og menningar og ef það er rétt skynjun þá bendir það til þess að ný-rasismi sé raunverulega til þó hann sé ekki endilega alveg nýr, og ennfremur að á Vesturlöndum beinist hann fyrst og fremst gegn múslimum. Þjóðhverfur hugsunarháttur eins og sá sem Sniderman og Piazza mældu ætti að beinast nokkuð jafn gegn öllum hópum þar sem fordómarnir hafa ekkert með hópana sem þeir beinast gegn að gera.

5. VESTRÆN MENNING OG ÍSLAM

Í lok tuttugustu aldar, þegar kalda stríðið var að líða undir lok og miklar breytingar áttu sér stað í alþjóðastjórnmalunum með aukinni hnattvæðingu, varð skýringargildi menningar sífellt mikilvægara. Aukin hnattvæðing gerði að verkum að samskipti jukust milli fólks og samfélaga með ólíkan menningarbakgrunn. Þessi þróun þýddi að samfélög um allan heim þurfa nú að takast á við ákveðna menningarblöndun og sú blöndun hefur ekki gengið alveg árekstralaust fyrir sig. Þessi hnattvæðing er að miklu leyti knúin áfram af vestrænni frjálshyggju og hún stangast á margan hátt á við hinar ýmsu menningarhefðir um allan heim, enda hafa átök sérstaklega átt sér stað þar sem samfélög hafa lítið á frjálshyggjuna sem ógnandi afl. Þannig hefur hnattvæðingin ekki aðeins ýtt undir blöndun menningarheima heldur einnig aðgreiningu menningarlegra gilda og mótstöðu við hina ráðandi vestrænu menningu.⁴⁰

Menning hefur verið skilgreind út frá ýmsum atriðum en trúarbrögð hafa lengi verið eitt það helsta sem hefur skilið að menningarsamfélög. Trúarbrögð breiða út boðskap um gildi og tilveru guða og hvernig slík tilvist mótar mannlegt líf. Flest trúarsamfélög hafa siðfræðilegan kjarna sem á að stuðla að stöðugleika. Sum trúarbrögð líkt og gyðingdómur, fjalla um ákveðin

afmörkuð samfélög og höfða lítið til utanaðkomandi á meðan kristni og íslam fjalla um almenn gildi sem eiga við um allt samfélag manna.⁴¹ Það eru einmitt þessir tveir menningarheimar sem mikið hefur verið talað um að séu helstu andstæðingar í árekstrum síðustu ára, það er íslam og hinn vestræni menningarheimur kristni og frjálshyggju. Kristnin hefur í raun ekki spilað áberandi trúarlegt hlutverk í þessum árekstrum, heldur hefur áherslan verið frekar á frjálshyggjuna og hinn vestræna lífstíl. Þessir árekstrar hafa helst komið fram í hryðjuverkaárásum á vestræn skotmörk (þar sem árásin á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 er frægust), stríði Vesturlanda gegn hryðjuverkum og innrásum í því nafni í múslimsk ríki, deilunni um Múhameðsteikningarnar í danska blaðinu Jyllandsposten og einnig hefur verið talað um erfiðleika varðandi aðlögun múslimskra innflytjenda að vestrænum samfélögum.

5.1 KENNINGIN UM ÁTÖK MENNINGARHEIMA

Áherslan á þau vandamál sem menningarlegur mismunur getur skapað kristallaðist í frægri grein Samuel Huntingtons frá árinu 1993. Þar talar hann um að heimsþólitíkin sé að ganga inn í nýtt tímabil og að aðalorsök átaka og aðskilnaðar í heiminum megi rekja til menningarmismunar. Hann telur að ríki muni halda áfram að vera aðalgerendur en að aðalátökin muni verða á milli hópa af mismunandi menningarheimum (civilizations). Jafnframt telur hann að þessi átök muni verða allsráðandi í heimsþólitíkinni. Hann talar einnig um að fyrri átök hafi jafnan verið háð innan menningarheima en að eftir lok kalda stríðsins muni átakalínan færast á milli hins vestræna menningarheims og annarra menningarheima.⁴²

Í kafla um eðli menningarheima kemur fram að Huntington vilji hætta að flokka ríki eftir stjórnmalum eða efnahag og vilji heldur flokka þau eftir þeirri siðmenningu sem þau tilheyra.

⁴¹ Simon Murden, „Culture in World Affairs“, bls. 540.

⁴² Samuel Huntington, „The Clash of Civilizations?“, bls. 22-23.

³⁷ Tariq Modood, „‘Difference’, Cultural Racism and Anti-Racism“, bls. 155-156.

³⁸ Tariq Modood, „‘Difference’, Cultural Racism and Anti-Racism“, bls. 165-166.

³⁹ Tariq Modood, „‘Difference’, Cultural Racism and Anti-Racism“, bls. 166.

⁴⁰ Simon Murden, „Culture in World Affairs“, bls. 539.

Siðmenningu (menningarheim) skilgreinir hann sem menningarlega heild og efsta stig samsemdar hjá mannum. Þrátt fyrir að telja að siðmenningar séu hverfular og breytingum háðar þá telur hann að á siðmenningum sé ekki aðeins raunverulegur munur heldur grundvallarmunur sem felst í eðli þeirra. Huntington telur að þessi mismunur sé tilkominn með sögunni og að hann sé mun djúpstæðari en mismunur á grundvelli pólitískrar hugmyndafræði og stjórnfars. Hann tekur þó fram að mismunandi siðmenning sé ekki ávisun á átök og að átök séu ekki ávisun á ofbeldi. Hins vegar hafi sagan sýnt að ólík siðmenning hafi jafnan leitt til langvinnra og ofbeldisfullra átaka. Að auki talar Huntington um að fólk sé líklegra til að skynja samfélag sitt sem „við“ og önnur samfélög sem „hinir“. Mismunur í trúarbrögðum skapi auk þess mismun í stefnumálum varðandi til dæmis mannréttindi, innflytjendamála, viðskipti og umhverfi. Viðleitni Vesturlanda til að breiða út boðskap um lýðræði og frjálslyndi sem alþjóðleg gildi, viðhalda hernaðarstyrk sínum og efnahagslegum mætti er líkleg til að framkalla and-vestræn viðbrögð frá öðrum siðmenningum þar sem lífsspekin samræmist ekki hinum ráðandi vestrænu gildum og menningu.⁴³

Huntington telur að eftir að kalda stríðinu lauk þá hafi átakalínan færst á milli vestræns kristindóms annars vegar og íslams hins vegar. Hann talar um að flauelstjald menningar skipti nú Evrópu í stað járnalds hugmyndafræðinnar áður.⁴⁴ Huntington rekur í grein sinni átakasögu síðustu aldar á milli vestursins og austursins (íslamskra ríkja) og telur að slíkum átökum sé ekkert á leiðinni að fækka auk þess sem óánægja sé að magnast upp í Mið-Austurlöndum í garð vestursins eftir framgöngu vestrænna ríkja þar. Vegna þessa telur hann að íslömsk valdaöfl eigi auðveldara með að komast til valda og halda völdum og þannig ýtir vera vestrænna ríkja í Mið-Austurlöndum undir íslamsvæðingu þeirra. Þegar lítið

er til innflytjendamála sést að í auknum mæli er fólk úr ólíkum menningarheimum að flykkjast til vestrænna ríkja, sérstaklega frá Norður-Afríku. Þetta hefur haft áhrif á vaxandi rasisma t.d. í Evrópu og ofbeldi gegn innflytjendum hefur aukist. Huntington telur að bæði íslamski heimurinn og vestrið líti á samskipti sín sem átök á milli menningarheima. Átök á milli þjóða og trúarbragða á síðustu áratugum telur hann ekki grundvallast á kynþáttahyggju heldur menningarlegum mismun. Þar að auki talar hann um að landamæri íslams séu blóðug vegna þeirra átaka sem múslimar hafa átt í við fólk af öðrum trúarbrögðum. Huntington viðurkennir að átök geti átt sér stað á milli hópa innan sama menningarheims en telur að þau átök verði mun minni og minna líkleg til að breiðast út heldur en átök á milli menningarheima.⁴⁵

Kenning Huntingtons hefur haft mikil áhrif og sérstaklega eftir hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir að sjá utanríkisstefnu Bandaríkjanna fyrir nýjum, ekki endilega raunverulegum, óvini í kjölfar loka kalda stríðsins og ástæðu til að halda áfram að gegna forystuhlutverki í alþjóðastjórn mállum. Athyglisvert er hvernig hann stillir samfélögum af ólíkum menningaruppruna upp sem andstæðingum, eins og þegar hann nýtir máli sínu til stuðnings átökin milli herskára múslima og frjálslyndra lýðræðisríkja og bendir á að raunveruleg spennan sé á milli hefðbundinna gildakerfa Mið-Austurlanda og Vesturlanda. Þessi átök og spennan voru að hans mati sönnun fyrir því hve mismunurinn á menningarheimum var djúpstæður.⁴⁶ Að baki þessari skoðun liggur eðlishyggja, en eins og áður hefur komið fram telur Huntington að átök milli menningarheima séu í eðli samfélaga.

Huntington hefur einnig verið gagnrýndur fyrir að gera lítið úr þeirri samvinnu og þeim samruna sem hefur orðið á milli menningarheima og einblína þess í stað á átök sem hafa átt sér stað, með mikilli einföldun á þeim

ástæðum sem liggja að baki enda menning og menningarheimar erfið hugtök til skilgreiningar. Ein helsta gagnrýnin snýr þó að því hve lítið hlutverk Huntington ætlar menningunni í kringum hnattræn efnahagsmál. Huntington virðist ekki viðurkenna þau áhrif sem hnattrænt samfélag og markaðir hafa á hefðbundin menningarsamfélög og geta orðið til þess að draga úr átökum sem eiga sér stað vegna menningarlegs ágreinings.⁴⁷

Auðvelt er að sjá hvernig kenning Huntingtons getur rennt stöðum undir ný-rasisma. Ný-rasistar geta vísað í það hve ólíkir menningarheimar eru í grundvallaratriðum og að aukin samskipti þeirra feli í sér ávisun á átök. Íslam kemur sérstaklega oft upp í umræðunni um menningarlegan mismun og dregið er fram að múslimar hafa á síðustu áratugum verið bendlaðir við átök og ofbeldi um allan heim vegna tilrauna til að breiða út íslömsk lög á Balkanskaga, í Vestur- og Austur-Afríku, Mið-Austurlöndum, Kákásus, Mið-Asíu, Indónesíu, á Indlandi og Filippseyjum svo einhver dæmi sé nefnd. Einnig hafa herskáir íslamistar sem berjast gegn hinum spillta vestræna nútíma verið áberandi í stjórnmálum heimsins síðan í írönsku byltingunni árið 1978-9.⁴⁸ Kenningin um óumflýjanleg átök á milli menningarheima veitir þeirri skoðun aukna vigt að Vesturlandabúar og fólk af ólíkum menningaruppruna eigi illa eða ekki samleið, þá sérstaklega fólk af múslimskum uppruna. Einstaklingum og hópum eru í kjölfarið eignaðir sömu eiginleikar og menningarheimurinn sem þeir tilheyra.

Þýðir þetta að Samuel Huntington hafi verið ný-rasisti? Enginn vafi leikur á því að Huntington hafi verið að lýsa þeirri þróun sem hann taldi að heimsstjórn málin væru í. Sú skoðun Huntingtons að það liggi í eðli mismunandi menningarheima að á milli þeirra brjótist út átök og að grundvallarmunur sé á þeim, hefur ákveðinn ný-rasískan blæ yfir sér. Menningin skipar hér stórt hlutverk en hlutverk og ábyrgð einstaklinga sem taka sjálfstæðar ákvarðanir er

⁴³ Samuel Huntington, „The Clash of Civilizations?“, bls. 23-25, 29.

⁴⁴ Samuel Huntington, „The Clash of Civilizations?“, bls. 31.

⁴⁵ Samuel Huntington, „The Clash of Civilizations?“, bls. 29-35, 38-39.

⁴⁶ Michael Cox, „From the Cold War to the War On Terror“, bls. 136.

⁴⁷ Simon Murden, „Culture in World Affairs“, bls. 546.

⁴⁸ Simon Murden, „Culture in World Affairs“, bls. 546.

takmarkað. Að auki felst óneitanlega í kenningunni ákveðin andstaða við mikinn straum innflytjenda til Vesturlanda, sérstaklega ef þeir eru úr mjög ólíkum menningarheimi (íslam til dæmis). Innflytjendur færa átök milli menningarheima á heimagrundu vestrænna manna.⁴⁹ Einnig stingur í augu að á meðan hann telur vestræn gildi fela í sér frjálslyndi og lýðræði telur hann að íbúar vestur- og norðurluta Evrópu, sem eru kristnir, eigi sér sameiginlegan menningarlegan grunn í lénsskipulaginu, endurreisnartímanum, siðbótinni, upplýsingunni, frönsku byltingunni og iðnbyltingunni. Auk þess tekur hann fram að fólk í þessum heimshluta sé almennt efnaðra heldur en fólk austan megin við flauelstjaldið svokallaða og að Vestur-Evrópubúar geti horft fram á veginn í átt til aukinnar efnahagslegrar samvinnu og styrkingar hins lýðræðislega stjórnskipulags. Á sama tíma eru hinir rétttrúuðu og múslimsku íbúar fyrir sunnan og austan flauelstjaldið sögulega tengdir Ottómanveldinu og rússneska keisaraveldinu og eins og Huntington segir aðeins lítillga snertir af hinum mikilvægu framfaraskrefum Evrópu sem voru talin upp hér að ofan. Austan flauelstjaldsins eru menn almennt styttra á veg komnir efnahagslega og virðast vera síður líklegir til að taka upp farsælt lýðræðisskipulag.⁵⁰

Íslam eru í augum Huntingtons ofbeldisfull trúarbrögð eins og kom fram þegar hann taldi landamæri þess blóðug. Af því má ráða að múslimar og Vesturlandabúar skipa ekki sama sess í huga Huntingtons. Hann dregur fram nokkur atriði sem hann telur einkenna hvern menningarheim fyrir sig og þau atriði sem hann tengir við Vesturlönd eru flest á jákvæðum nótum. Áðurnefnd atriði sem hann telur upp að einkenni austari hluta Evrópu og íslömsk ríki eru á frekar neikvæðum nótum, eins og að íbúar múslimskra ríkja hafi í raun misst af mikilvægum framfaraskrefum Evrópu og séu síður líklegir til að taka upp farsælt lýðræðisskipulag. Hér virðist Huntington hafa einfaldað hlutina, því ekki minnst hann til dæmis

á evrópsku styrjaldirnar eða fasismann þó svo að þetta séu mikilvæg atriði í mótun menningarinnar vestan flauelstjaldsins. Þar að auki minnst hann lítið sem ekkert á þann hluta íslam sem fjallar um frið og náungakærleik heldur einblínir á stríðsrekstur múslima. Af þessu má ætla að Huntington telji vestræna menningu á einhvern hátt þróaðri og æðri en menningu íbúa annarra heimshluta, þá sérstaklega í múslimskum ríkjum. Auk þess virðist hann álíta að einstaklingar innan menningarheims séu á vissan hátt ofurseldir menningu sinni. Ekki er orsakirnar að finna í litarhætti fólksins (að minnsta kosti ekki opinberlega) heldur í þeirri menningu sem einkennir samfélögin. Í þessu ljósi er hægt að segja að Samuel Huntington hafi verið ný-rasisti, og að í kenningu hans um átök menningarheima felist ný-rasismi.

5.2 ÓEIRÐIR Í FRAKKLANDI

Götuóeirðir sem urðu í kjölfar dauða tveggja unglinga í einu úthverfa Parísar í Frakklandi haustið 2005 er þeir voru að flýja undan lögreglu, vöktu mikla athygli umheimsins enda breiddust þær fljótt út um fleiri hverfi og innan nokkurra vikna fleiri borga um allt Frakkland og höfðu mikið tjón í för með sér. Margir töldu ástæðurnar fyrir óeirðunum, ofbeldinu og eignatjóninu vera einangrun innflytjenda í úthverfum franskra borga og í raun gettóvæðing innflytjendahverfanna. Einnig var talað um bága félagsstöðu íbúanna, ójafnrétti sem þeir hafa lengi sætt, viðvarandi mikið atvinnuleysi og glæpi sem viðgangast í innflytjendahverfunum, rasisma og mismunun sem íbúarnir sæta og ofbeldi lögreglunnar, þá sérstaklega í garð ungra karlkyns íbúa úthverfanna.⁵¹

Hege Storhaug og þýski feministinn Alice Schwarzer halda því fram að ástæðurnar séu annars eðlis heldur en flestir virðast halda, og vilja meina að trúarbrögð og málefni kvenna séu stór hluti ástæðna þess sem gerðist.⁵² Sem

dæmi um það nefnir Schwarzer að móðganir á borð við „hórusonur“ hafi verið algengar í garð lögreglumanna, á sama tíma og í þá var hent steinum. Þeir sem þetta kölluðu voru ungu drengirnir úr úthverfum stórborga Frakklands, en á meðan héldu stelpurnar sig heima við, ólíkt því sem var í stúdentaóeirðunum árið 1968 þegar móðganir í garð lögreglu voru pólitískis eðlis en ekki fullar af kvenfyrirlitningu. Þá tóku stúlkur einnig þátt í að mótmæla, en þær voru að stórum hluta fjarverandi árið 2005.⁵³ Hér gleymist sú staðreynd að „hórusonur“ var ekki eina móðgunin sem kölluð var að lögreglumönnum, auk þess sem þetta er algengt blótsyrði í frönsku og kemur trúarbrögðum ekki á neinn hátt við. Eins og Didier Lapeyronnie bendir á þá einkennast þessar óeirðir og margar aðrar svipaðar óeirðir, bæði í Frakklandi og annarsstaðar, af andrúmslofti mjög óvinveittu lögreglu.⁵⁴ Dæmi um slíkar óeirðir eru óeirðir í gettóum svartra á sjöunda áratugnum í Bandaríkjunum, til dæmis í borginni Watts árið 1965 og í Detriot árið 1967, þar sem kveikjan var í báðum tilfellum rakin til afskipta hvíttra lögregluþjóna af svörtum íbúum, sem túlkuðu voru sem vanvirðing og kynþáttahyggi. Óeirðir í Bretlandi voru af svipuðum toga. Óeirðir í Notting Hill árið 1976, 1985 í Tottenham og 1992 í Bristol mátti rekja til atvika þar sem skarst í odda milli lögreglu og fólks úr minnihlutahópum.

Óeirðirnar í Frakklandi árið 2005 voru ekki þær fyrstu í því landi sem mátti rekja til átaka milli lögreglu og fólks af innflytjendauppruna. Mótmæli vegna ungs manns í úthverfi Lyon árið 1997, sem féll fyrir hendi lögreglumanns, leiddust út í ofbeldisfullar óeirðir og ári seinna var það sama upp á teningnum í Toulouse vegna dauða annars ungs manns af hendi lögreglumanns. Óeirðirnar sem áttu upptök sín í úthverfum Parísar árið 2005 fylgdu sama munstri: Tveir ungir piltar létust af völdum raflosts er þeir flúðu undan lögreglu inn í spennustöð, í kjölfarið var kveikt í um 10.000 bílum og um 300 byggingum auk þess sem

⁴⁹ Hartwig Pautz, „The Politics of Identity in Germany: The Leitkultur Debate“, bls. 43.

⁵⁰ Samuel Huntington, „The Clash of Civilizations?“, bls. 30-31.

⁵¹ Didier Lapeyronnie, „Révolte Primitive dans les banlieues françaises : Essai sur les émeutes de l'automne 2005“, (sótt 3. september, 2009).

⁵² Hege Storhaug, Dýrmætast er frelsið, bls. 241.

⁵³ Alice Schwarzer, „So Long, Marianne“, 22. nóv. 2005, (sótt 3. september, 2009).

⁵⁴ Didier Lapeyronnie, „Révolte Primitive dans les banlieues françaises : Essai sur les émeutes de l'automne 2005“, bls. 8.

óeirðunum fylgdi ofbeldi, sem var sérstaklega beint að lögreglu. Hæpið er að halda því fram að í öllum þessum óeirðum hafi íslam og kvenfyrirlitning skipt miklu máli, enda voru hóparnir sem að mismunandi óeirðum komu af mismunandi uppruna og af mismunandi trúarbrögðum.

Hvers vegna ættu óeirðirnar í Frakklandi árið 2005 að vera öðruvísi? Uppruni þeirra virðist fylgja sömu reglum og hinar óeirðirnar, það er að mótmæli yfir framkomu lögreglu eða annarra yfirvalda í garð fólks úr minnihlutahópum brjótast út og fara úr böndunum. Það sem er ólíkt í augum Storhaug og Schwartz er að þeir sem tóku þátt í óeirðunum í Frakklandi árið 2005 voru ungir karkyns íbúar úthverfa þar sem meirihluti íbúa eru innflytjendur eða afkomendur innflytjenda, það sem einkennir þessa innflytjendahópa er að þeir eru flestir af Norður-afrískum eða arabískum uppruna og meðal þeirra er íslam útbreitt. Trúarbrögðin, uppruninn og menningin er það sem sker þá úr hópi annarra óeirðaseggja, en í þeirra tilfelli eru þessi atriði notuð sem skýringar á uppþotunum (af til dæmis Storhaug og Schwartz). Schwartz fullyrðir til að mynda að ef við viljum skilja vandamálið við bílabrennur þá verðum við að skilja vandamálið við heiðursmorð. Hún talar um að drengirnir í úthverfunum, fyrir áhrif af íslamisma, skipti konum í tvo hópa: Dýrlinga og hórur. Dýrlingarnir halda sig heima, en hórurnar fara út í heiminn og fyrir það eru þær látnar gjalda. Hún minnst á að atvinnuleysi er mun meira meðal kvenna í úthverfunum heldur en meðal karla en samt eru það drengirnir sem fyrst og fremst stóðu að mótmælunum. Hún tekur þetta sem vísbendingu um að óánægjan eigi sér ekki félagslegar orsakir eins og atvinnuleysi heldur óánægju vegna þess að samfélagið reynir að bæla niður karlmennsku þeirra. Karlmennska og ofbeldi meðal múslimskra innflytjenda telur Schwartz að séu mjög samvinnuð, þar sem drengirnir læra ofbeldi og kvenfyrirlitningu af föður sínum inni á heimilinu, þar sem fórnarlömbin eru mæður og dætur. Afleiðinguna telur hún vera þá að ofbeldi verður lykilþáttur í sjálfsmynd ungra karla, og þegar karlmennskunni

er ógnað þá er fyrsta svarið að grípa til ofbeldis.⁵⁵

Storhaug minnst á það að fjölkvæni sé annar þáttur óeirðanna, en fram til 1993 var fjölkvæni múslimskra karla í Frakklandi leyft. Fjölkvænisfjölskyldur eru margar og stórar og það leiðir til húsnaðisvanda, drengirnir alast upp á götunni þar sem gengi ráða ríkjum.⁵⁶ Schwartz og Storhaug virðast telja að rót óánægjunnar meðal ungra drengja í úthverfum stórborga Frakklands sé meðal annars sú að þeim finnst menningu sinni ógnað. Menningu sem tengist ofbeldi og kvenfyrirlitningu. Þær líta fram hjá því að samskipti lögreglu og ungra drengja í gettóum Bandaríkjanna á sjöunda áratugnum, í Bretlandi á níunda áratugnum og í Frakklandi á síðustu tveimur áratugum að minnsta kosti, voru mjög slæm, og mikil spenna var þeirra á milli. Í hverfinu Clichy-sous-Bois þar sem uppþotin áttu upptök sín árið 2005 lýsir veggjakrot viðhorfum til lögreglu: “Fuck la police” og “Ici interdit aux condés”.⁵⁷

Lapeyronnie bendir á að það sem þátttakendur í áður nefndum óeirðum eiga sameiginlegt er að þeir upplifa sig sem standandi andspænis óréttlæti og lögregluliði sem ber ekki virðingu fyrir þeim og niðist á þeim vegna kynþáttar og þjóðfélagsstöðu.⁵⁸ Það er athyglisvert að skoða niðurstöður Gallup könnunar á trausti fransks almennings og trausti franskra múslima til lögreglunnar. Meirihluti franskra múslima eða 62% þeirra segjast bera traust til lögreglunnar, en það er þó mun minna hlutfall heldur en meðal fransks almennings, þar sem 78% segjast bera traust til lögreglunnar.⁵⁹ Trú og menning virðast ekki spila áberandi hlutverk í þessari spennu sem ríkir í áður nefndum úthverfum í Frakklandi, ef frá er talinn

⁵⁵ Alice Schwartz, 2005.

⁵⁶ Hege Storhaug, Dýrmætast er frelsið, bls. 242.

⁵⁷ Didier Lapeyronnie, „Révolte Primitive dans les banlieues françaises : Essai sur les émeutes de l'automne 2005,“ 10.

Lausleg þýðing: „Til fjandans með lögguna“ og „Löggum bannaður aðgangur“.

⁵⁸ Didier Lapeyronnie, „Révolte Primitive dans les banlieues françaises : Essai sur les émeutes de l'automne 2005,“ 11.

⁵⁹ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 24.

sá rasismi sem íbúarnir telja sig verða fyrir af hálfu yfirvalda, heldur virðist upplifun íbúanna af lögreglunni og yfirvöldum ásamt bágri félagsagfræðilegri stöðu spila veigamikil hlutverk.

Þær skoðanir sem Storhaug og Schwartz lýsa á ástæðum óeirðanna í Frakklandi árið 2005 virðast að einhverju leyti litaðar af ný-rasisma. Þær nota menningu sem skýringarþátt um hegðun stórs hóps manna, þrátt fyrir að aðrar skýringar séu tiltækar og jafnvel líklegri, svo sem vantraust og óánægja með lögreglu og yfirvöld, bág félagsstaða og svo framvegis. Þær leita skýringa á gjörðum einstaklinga í þeirri menningu sem þær telja að einkenni hópin (íslam) og virðast tengja beint við þessa menningu ofbeldi og kvenhatur. Þetta ofbeldi og kvenhatur telja þær jafnframt að skili sér nær gagnrýnislaust frá föður til sonar í múslimskum fjölskyldum og gefa þannig lítið svigrúm fyrir frjálst val einstaklingsins gegn þrúgandi menningarlegu uppeldi.

5.3 HVERNIG AÐLAGAST AÐFLUTTIR MÚSLIMAR Á VESTURLÖNDUM?

Storhaug og Schwartz virðast skilja óeirðirnar í Frakklandi þannig að múslimskir innflytjendur og afkomendur þeirra virðist eiga í meiri vandræðum en aðrir innflytjendur af ólíkum menningaruppruna við að aðlagast vestrænum samfélögum, eins og hinu franska. En skyldu þær og fleiri sem halda því fram að innflytjendur og afkomendur þeirra af múslimskum uppruna aðlagist illa og jafnvel ver en aðrir innflytjendur í vestrænum samfélögum ekki hafa rétt fyrir? Menningin og trúarbrögðin eru jú ólík og sú skoðun virðist vera ansi útbreidd, að menning múslima passi illa inn í frjálslynd lýðræðisríki vestursins. Hvað ætli sé satt og rétt í þessari kenningu? Alan Manning og Sanchari Roy gáfu út niðurstöður sínar úr rannsókn sem þeir unnu fyrir The London School of Economics árið 2007. Þessi rannsókn miðaði að því að varpa skýrara ljósi á menningarlega aðlögun innflytjenda í Bretlandi. Þeir skoðuðu aðallega þá hlið aðlögunar sem snýr að því að hvaða marki þeir innflytjendur (og

afkomendur þeirra) sem búa í Bretlandi samsama sig hinni bresku þjóðarsál og telja sig vera breska.⁶⁰ Þessi hlið aðlögunar er áhugaverð vegna áhyggna sem margir hafa um að innflytjendur úr ólíkum menningarheimum vilji ekki líta á sig sem Breta, heldur halda í samsemd með landinu og þjóðinni sem þeir eru upprunnir frá. Dæmi um það var einn af hryðjuverkamönnum í London árið 2005. Hann var fæddur í Bretlandi en átti foreldra sem fæddir voru í Pakistan. Af yfirlýsingu hans mátti ráða að hann leit ekki á sig og Breta sem sömu þjóðar.⁶¹


Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að koma flestum á óvart sem telja að múslimar samsami sig að mestu leyti sínum múslimska menningaruppruna því að innflytjendur frá Pakistan og Bangladesh sem eru stærstu hópar múslima í Bretlandi eru ekki ólíklegri til að telja sig vera fyrst og fremst breska heldur en innflytjendur af öðrum uppruna. Jafnframt eru þeir fljótari að samsama sig breskri þjóð heldur en innflytjendur að meðaltali, á meðan þeir sem koma frá Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum gera það hægar en meðaltalið, og þeir sem koma frá Ítalíu samsama sig síðast. Ástæðan fyrir því er talin vera sú að fólk frá fátækari heimshlutum aðlagist hraðar nýjum heimkynnum heldur en fólk frá ríkari heimshlutum. Þeir stinga upp á þeirri ástæðu að þeim mun ólíkari menningu sem innflytjendur koma frá, þeim mun meiri hvati er fyrir fólk að verða breskt.⁶²

Það veldur hins vegar sjaldan miklum áhyggjum að Vesturlandabúar líti síður á sig sem Breta, líklega vegna þess að talið er að þeir hafi svipaðar skoðanir á því hvernig samfélögum eigi að vera stjórnað. Kannski eru þau gildi sem liggja að baki slíkum skoðunum mikilvægari en hvernar þjóðar maður telur sig vera þegar kemur að aðlögun.

Þess vegna voru einnig rannsökuð viðhorf til réttinda og skyldna.⁶³ Þar kom í ljós að skoðanir fólks af múslimskum uppruna á réttindum og skyldum fólks eru ekki svo ólíkar skoðunum hvítra innfæddra Breta og reyndar kom í ljós að aldur og menntun hafa meiri áhrif á slíkar skoðanir heldur en menningarlegur uppruni. Ástæðan er talin vera sú að skoðanir fólks um allan heim á réttindum og skyldum eru ekki eins ólíkar og fólk heldur gjarnan.⁶⁴ Trú hefur heldur ekki markverð áhrif á það hvort innflytjendur og afkomendur þeirra telji sig vera breska frekar en eitthvað annað. Múslimar virðast ekki vera ólíklegri en aðrir til að telja sig vera fyrst og fremst breska og eftir því sem lengra er liðið síðan einstaklingar fluttust til Bretlands, þá er líklegra að þeir líti á sig sem Breta. Sömu sögu er að segja um annarrar og þriðju kynslóðar innflytjendur sem eru líklegri til að líta á sig sem Breta heldur en þeir sem fæddir eru í öðru landi.⁶⁵ Þó eru dæmi úr öllum hópum um fólk sem ekki telur sig vera breskt þó það hafi fæðst í

hafa markverð áhrif á niðurstöður þessarar rannsóknar.

Þessi rannsókn sýnir að múslimar, í Bretlandi að minnsta kosti, eigi ekki í meiri vandræðum með að samsama sig bresku samfélagi heldur en innflytjendur eða afkomendur innflytjenda af öðrum uppruna en múslimskum. Þetta virðist ganga gegn kenningu Storhaug um að múslimsk trúarbrögð passi illa inn í vestræn samfélög.⁶⁶ En hvað með múslima í öðrum löndum? Er ástæða til að halda að múslimar í Bretlandi séu ólíkir múslimum í öðrum vestrænum ríkjum hvað þetta varðar? Nei, í raun og veru ekki, og niðurstöður annarrar rannsóknar, The Gallup Coexist Index, rennir stoðum undir það. Þar var skoðuð aðlögun múslima að samfélögum í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Niðurstöður úr þeirri könnun gefa til kynna að á meðan múslimar í þessum löndum eru líklegri heldur en aðrir til þess að samsama sig trú sinni, þá eru þeir einnig líklegri til að samsama sig við landið sem þeir búa í, nema í



Bretlandi og alið þar manninn, en fjöldi þeirra er ekki nógu mikill til þess að

Frakklandi en þar er munurinn lítill (sjá mynd 1⁶⁷).

Meiri hluti múslima telur að múslimar séu trúir þjóðinni í því landi sem þeir búa en hins vegar telur meirihluti innfæddra íbúa þessara landa, sem ekki eru múslimar, að múslimar séu ekki trúir löndunum sem þeir búa í,

⁶⁰ Alan Manning og Sanchari Roy, "Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain," bls. 3.

⁶¹ Alan Manning og Sanchari Roy, "Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain," bls. 4.

⁶² Alan Manning og Sanchari Roy, "Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain," bls. 13.

⁶³ Alan Manning og Sanchari Roy, "Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain," bls. 5.


⁶⁴ Alan Manning og Sanchari Roy, "Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain," bls. 4-5.

⁶⁵ Alan Manning og Sanchari Roy, "Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain," bls. 8-11.

⁶⁶ Sjá til dæmis Hege Storhaug, *Dýrmætast er frelsið*, bls. 162, 259-260.

⁶⁷ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 19.

Mynd 2: Ef þú hugsar eingöngu um múslima, á eftirfarandi fullyrðing við eða ekki?
Múslimar sem búa í þessu landi sýna því tryggð.



eins og sjá má á mynd 2.⁶⁸ Þetta sýnir að ákveðið bil er á milli þess hvernig evrópskir múslimar upplifa sig, og hvernig aðrir Evrópubúar upplifa þá. Svo virðist vera að sýn margra Evrópubúa á múslima sé einfölduð og jafnvel röng, en einnig virðist vera að það fari vel saman að samsama sig breskri, þýskri eða franskri þjóð, en á sama tíma samsama sig múslimum.

Þegar horft er til kenningar Huntington um átök á milli menningarheima (þá sérstaklega milli hins vestræna og hins íslamska menningarheims) þá er athyglisvert að skoða svör við því hvort viðmælendur upplifi fólk af ólíkum trúarbrögðum sem ógn við lífsstíl sinn.

Mikill meirihluti allra íbúa landanna þriggja upplifa enga ógn eins og sjá má á mynd 3.⁶⁹ Hins vegar er það athyglisvert að í öllum tilfellum eru mun færri múslimar sem telja trúarbrögð annarra ógn heldur en aðrir íbúar landanna. Munurinn er mest sláandi í Bretlandi þar sem 26% Breta almennt telja að lífsstíl sínum stafi ógn af trúarbrögðum annarra, en einungis 3% múslima í Bretlandi telja lífsstíl sínum ógnað, þrátt fyrir að þeir séu minnihlutahópur.⁷⁰ Þetta gefur til

kynna að árekstur menningarheima, milli hins vestræna heims og hins múslimska sem Huntington hefur miklar áhyggjur af, sé ef til vill fyrst og fremst í hugum Vesturlandabúa, en ekki múslima. Aðlögunargeta múslima í frjálslýndum lýðræðissamfélögum hefur oft verið dregin í efa⁷¹ en í ljós kom í þessari rannsókn að evrópskir múslimar viðurkenna lýðræðisstofnanir, réttlæti og mannréttindi sem grunnstoðir í þjóðfélögum sínum. Það sýnir að íslam og lýðræði getur vel farið saman. Hins vegar er efnahagsleg staða margra múslimskra Evrópubúa sem lifa á jaðri samfélagsins slík að hún getur haft neikvæð áhrif á velferð þeirra og komið í veg fyrir að þeir verði virkir meðlimir samfélagsins.⁷²


Mikilvægt er að skoða viðhorf

innflytjenda til þess í hvernig hverfi þeir vilja búa, vegna þess að oft hefur því verið haldið fram að múslimar, eða aðrir innflytjendahópar, vilji einangra sig frá samfélaginu í því landi sem þeir búa. Þeir flytji því í hverfi þar sem mikið er af fólki af sama uppruna, svo hægt sé að „halda saman“, og á sama tíma halda betri tengslum við upprunalandið. Gallup könnunin leiddi í ljós að þegar spurt var í hvernig hverfi þátttakendur myndu vilja búa ef þeir gætu búið í hvaða hverfi sem er, þá var almenningur í öllum tilfellum (Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi) líklegri heldur en múslimar til þess að segja að þeir vildu frekar búa í hverfi þar sem íbúarnir væru af sama þjóðernis- og trúarlegum bakgrunni og þeir sjálfir (sjá mynd 4⁷³, bls. 26).

Þýskir múslimar sem vilja búa í hverfi með fólki af sama bakgrunni eru 12%, 6% franska múslima eru sammála og 17% breskra. Meðal almennings eru tölurnar 31% í Þýskalandi, 24% í Frakklandi og 33% í Bretlandi. Langflestir úr öllum hópum vilja þó búa í hverfi sem er blandað.⁷⁴ Þetta sýnir að múslimar virðast síður en svo vera tregir til að lifa í nágrenni við fólk af öðrum uppruna og trúarbrögðum og að það sé jafnvel almenningur sem er tregari til þess að blandast öðrum hópum. Þetta bendir til þess að ef raunin er sú að múslimar haldi mikið til saman í sömu hverfunum þá er skýringin líklega önnur en að þeir vilji ekki búa í hverfi sem er blandað öðrum trúar- og menningarhópum.

Önnur frönsk rannsókn sýndi að

Mynd 3: Ertu sammála eða ósammála því að fólk af öðrum trúarbrögðum en þínum ógnar þínum lífsstíl?



⁶⁸ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 20.

⁶⁹ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 19.

⁷⁰ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 19.

⁷¹ Sjá til dæmis: Samuel P. Huntington, *Who are we?: The Challenges to America's National Identity*, bls. 188-189.

⁷² The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 45.

aðlögun innflytjenda af alsírskum

⁷³ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 23.

⁷⁴ The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations, bls. 21.


uppruna hefur gengið betur en flestir hafa haldið þar sem 50% karla og 24% kvenna sem fædd eru í Frakklandi en eiga alsírka foreldra giftast út fyrir hópinn. Einnig er trúariðkun sú sama og hjá „innfæddum“ Frökkum.⁷⁵ Til samanburðar kom í ljós í annarri franskri rannsókn að hlutfall aðkvænis (þegar makar eru úr sitthvorum hópnum) meðal innflytjenda í Frakklandi sem koma frá öðrum Evrópulöndum (aðallega frá Spáni og

endilega að snúast um það að verða nákvæmlega eins og innfæddir Evrópubúar. Það þýðir hins vegar ekki að þeir búi við nákvæmlega sömu aðstæður og almenningur í þeim vestrænu löndum þar sem þeir búa. Ýmsar rannsóknir, þar á meðal rannsókn frá European Monitoring Center on Racism and Xenophobia, hafa sýnt fram á það að múslimar í Evrópu búa ekki við sömu lífsgæði og aðrir. Til dæmis er hlutfall múslima í

og mismunun eða félagslegir og fjárhagslegir erfiðleikar.⁷⁸

Niðurstöður úr öllum þessum rannsóknum benda til þess að almenningur og sumir fræðimenn búi yfir hugmyndum um múslima í Evrópu sem virðast ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum, hvað varðar getu múslima til að aðlagast evrópskum samfélögum og vilja til þess að gangast við hugmyndum sem samrýmanlegar eru frjálslyndum lýðræðisríkjum. Þessar niðurstöður ganga gegn hugmyndum Storhaug og Huntington um að íslam og frjálslynd lýðræðisríki eigi ekki samleið vegna ólíkrar menningar. Á sama tíma vekja þessar niðurstöður okkur til umhugsunar um að umræðan um aðlögun þarf að taka minna mið af trúarbrögðum og menningu fólks og meira tillit til félags- og fræðilegra aðstæðna fólks sem eru líklegri ástæður fyrir einangrun múslima og lítilli þátttöku í samfélögum Evrópu.

Mynd 4: Ef þú gætir valið þér hvaða hverfi sem er til búsetu í þessu landi, hvað af eftirtöldu kemst næst því að lýsa því sem þú vildir helst?



Ítalíu) er um 50%. Hlutfall aðkvænis meðal innflytjenda frá Portúgal er um 20%, hlutfallið meðal innfluttra Tyrkja er 14% meðal karla og 4% meðal kvenna og hlutfallið meðal innflytjenda frá Norður-Afríku almennt er um 30%.⁷⁶ Á þessum niðurstöðum sést að ekki er hægt að nota trúarbrögð sem skýringu á því hvers vegna mismunandi hópar kvænast síður en aðrir út fyrir sinn hóp.

Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar eru allar úr rannsóknum sem snúa að menningarlegum þætti aðlögunar múslima og annarra innflytjenda í vestræn samfélög. Þær virðast sýna að ekki sé það mikill menningarlegur munur á múslimum og öðrum að það ætti að hamla mikið aðlögun þeirra að vestrænum samfélögum, þó svo að vissulega sé til staðar munur, enda þarf aðlögun ekki

hverfum með lélegu húsnæði oft hærra heldur en hlutfall annarra hópa, atvinnuleysi meðal þeirra er meira en hjá öðrum hópum og árangur þeirra í námi er sömuleiðis oft undir meðaltali annarra hópa. Einnig eru múslimar líklegri en aðrir til að vera í störfum þar sem lítillar hæfni er krafist og þeir eru einnig hlutfallslega fleiri en aðrir í láglanastörfum.⁷⁷ Þetta eru allt mikilvægir þættir í aðlögun innflytjenda, og léleg staða múslima í fjárhagslegum og félagslegum skilningi bendir til þess að þeir séu ekki að aðlagast nógu vel hvað þetta varðar á Vesturlöndum, og jafnvel ver en aðrir. Ástæðurnar virðast þó ekki vera menningarbundnar eins og kom fram í hinum rannsóknunum þremur, heldur virðast vera bundnar við aðra þætti. Nefndar hafa verið ástæður eins og mismunun og fordómar sem múslimar mæta í samfélaginu, en það er þó erfitt að segja hvort kemur á undan, fordómar

6. ER HÆGT AÐ GAGNRÝNA MENNINGU ÁN ÞESS AÐ ÞAÐ TELJIST VERA NÝ-RASISMI?

Síðustu áratugi hefur mikið verið rökrætt um umburðarlyndi gagnvart ólíkri menningu og því er oft haldið fram að öll menning sé jafngóð og gild. Þetta hefur sérstaklega verið áberandi í sambandi við fjölmenningsstefnu og innflytjendur á Vesturlöndum, sem oft koma úr ólíkum menningarsamfélögum og að aðlögunin að vestrænum samfélögum hefur gengið misvel. Rökrætt hefur verið um hvort innflytjendum beri að aðlagast algjörlega hinum nýju heimkynnum sínum, hvort móttökuríkin eigi að aðlagast hinum nýju íbúum eða hvort best sé að hafa sambland af báðum aðferðum og þá með hvaða hætti það ætti að eiga sér stað. En þá kviknar spurningin: Er öll menning jafngóð? Má gagnrýna menningu annarra, og þá jafnvel þá sem eiga hlutdeild í henni? Er hægt að setja mælikvarða á menningu? Getum við varið réttindi

⁷⁵ Martin Schain, "Immigrant Incorporation in France", í *Multicultural Questions*, bls. 217.

⁷⁶ Xin Meng og Dominique Meurs, „Intermarriage, Language, and Economic Assimilation Process: A Case Study of France“, bls. 5.

⁷⁷ Muslims in the European Union: Discrimination and Islamophobia, bls. 8.

⁷⁸ Muslims in the European Union: Discrimination and Islamophobia, bls. 33.

einstaklinga gegn réttindum hópa án þess að vera ný-rasistar? Ef við dæmum þann hluta menningar sem snýr að heiðursmorðum bókstafstrúaðra múslima eða stríðsrekstur sem óæðri og slæma, gerumst við þá sek um ný-rasisma vegna þess að dómar um menningu fela í sér dóma um menningarhópinn eða kynþáttinn?

Norski mannfræðingurinn Unni Wikan hefur talað um það þegar menning er notuð í þágu sérstakra hagsmuna sem afsökun og útskýring fyrir einhverri ákveðinni hegðun sem annars væri ekki viðurkennd sem réttmæt. Dæmi um það er þegar menn beita konur sínar ofbeldi og það er síðan réttlætt með því að það sé hluti af menningu þeirra sem eru upprunnir t.d. frá Mið-Austurlöndum. Hún telur slíka hugsun vera grundvallaða á þeirri hugmynd að menning sé einhverskonar hlutlægt fyrirbæri sem sé óbreytanlegt og að þeir sem eiga hlutdeild í þessari menningu hafi hana í eðli sínu. Hún telur að menning sé misnotuð á þann hátt að krafist sé virðingar og tillitssemi við mismunandi menningu undir þeim fölsku forsendum að gera beri allri menningu jafnhátt undir höfði, en að á sama tíma þjóni þessi tillitssemi oftast einni menningu frekar en annarri og er þannig fyrirláttur fyrir eiginhagsmunum, valdníðslu og rasisma. Hún bendir á hvernig hugtakið menning hefur komið í staðinn fyrir hugtakið kynþáttur og er notað á sama hátt til að setja „hina“ skör lægra en „okkur“. „Við“ Vesturlandabúarnir lítum á okkur sjálf sem hugsandi, skynsamt og frjálsslynt fólk sem hefur þann hæfileika að geta brugðist við breyttum aðstæðum. Við lítum á „hina“ sem fasta í viðjum menningar og neydda til að gera það sem menning þeirra og trúarbrögð boða. Þannig mæta innflytjendur oft því viðhorfi að þeir séu áhrifalausir og ábyrgðarlausir um hegðun sína og að geta þeirra til að aðlagast nýjum samfélagslegum aðstæðum sé takmörkuð. Með því að álíta að hegðun sé óaðskiljanlegur þáttur af menningu fólks er verið að gera lítið úr einstaklingunum og þeirra sjálfstæðu hegðun og hugsun; þeir hafi ekki einstaklingseðli og sjálfstæði. Í kjölfarið nýtur menningin meiri

virðingar heldur en einstaklingarnir sem taldir eru tilheyra henni.⁷⁹

Wikan bendir einnig á að margir innflytjendur gangist við þessum hugmyndum og styðji þannig við rasíska mynd af sjálfum sér með því að stuðla að því að einstaklingar séu metnir á grundvelli uppruna, þjóðernis og menningar en ekki eigin forsendum. Ekki er hér verið að segja að allir einstaklingar séu svo sjálfstæðir að menning hafi engin áhrif, því vissulega hefur hún það á margvíslegan hátt. Wikan vill meina að líta beri á allt fólk sem einstaklinga fyrst og fremst og síðan menningarverur sem hafi að lokum alltaf ákveðið val. Hún telur að Vesturlandabúar líti með þessum hætti á sjálfa sig, sem frjálsa og sjálfstæða. Það má þó gjarnan setja spurningamerki við meint einstaklingsfrelsi Vesturlandabúa. Vestræn menning er ekki síður líkleg til að setja hegðun okkar og hugsun hömlur heldur en til dæmis austræn menning, en vissulega á ólíkan hátt. Sennilega er mjög erfitt að gera sér grein fyrir slíkum menningarlegum hömlum með sjálfsskoðun, sérstaklega þegar menningin snýst um einstaklingshyggju að miklu leyti. Að mati Wikan snýst andrasismi ekki um að samþykkja hvaða hegðun og menningu sem er heldur snýst andrasismi um að virða alla einstaklinga til jafns óháð kynþætti eða menningu.⁸⁰

Wikan telur að sumir innflytjendur gangist við þessari menningarskilgreiningu á hópum vegna þess að ákveðnir hópar þeirra sjá sér hag í að fá að viðhalda útbreiddum hugmyndum um siði og gildi þeirrar menningar sem þeir koma úr. Þar sem stefnan í móttökulöndum innflytjenda er sú að virða beri menningu nýrra íbúa er ákveðnum áhrifamiklum hópum úr röðum innflytjenda í raun gert kleift að hafa mikil áhrif á það hvaða menning það er sem „þarf að virða“. Hér skiptir máli hvaða einstaklingar það eru sem fá að skilgreina hvað það er sem felst í menningunni. Ekki er sjálfsagt að allir meðlimir einhvers menningarheims skilgreini menningu sína á nákvæmlega sama hátt. Skilgreiningar á hópum (kynþáttum) út frá menningu eru því

sjaldnast í þágu meðlima hópa sem minnst mega sín eða í þágu innflytjenda í heild.⁸¹

Það virðist því vera hægt að gagnrýna menningu eða ákveðna hluta menningar ýmissa hópa, án þess að það teljist vera ný-rasismi. Þvert á móti má líta á of mikið umburðarlyndi og gagnrýnisleysi sem ákveðna gerð ný-rasisma, þegar litið er á menninguna sem einstaklingar koma úr frekar en á einstaklingana sjálfa. Það þarf því ekki að velja á milli fjölmenningsrhyggju og réttinda hópa annars vegar og réttinda einstaklinga hins vegar. Gagnrýni á menningu þarf þó að vera þannig að ekki séu allir einstaklingar settir undir sama hatt þó þeir komi úr sama menningarlega bakgrunni. Í raun þarf að gagnrýna einstaklingana og gjörðir þeirra sem framdar eru í nafni menningar frekar en menninguna sjálfa. And-ný-rasismi felst þess vegna ekki í því að telja alla menningu jafngóða og að allir siðir og venjur hafi rétt á sér í krafti menningar. Þvert á móti ætti að virða alla einstaklinga út frá eigin forsendum og ekki síður gera sér grein fyrir afleiðingum þess að telja menninguna hluta af eðli fólks og hópa.

7. NIÐURLAG

Það hefur sýnt sig að rasískur hugsunarháttur er þrautseigur og getur breyst og aðlagast breyttum samfélögum og breyttum vísindalegum skilningi á kynþáttum. Hann er félagslegt fyrirbæri sem menningar- og þjóðfélagshópar finna fyrir í mis miklum mæli í margvíslegum samfélögum nútímans. Ný-rasismi sker sig frá hinum hefðbundna rasisma með áherslunni á menningu í stað kynþátta, sem sá þáttur sem aðgreinir fólk í hópa. Munurinn á hópunum er dreginn fram og einstaklingar dæmdir út frá þeim hópi sem þeir eru taldir tilheyra. Algengt er að upphefja ákveðna menningarhópa á kostnað annarra og jafnframt að talið sé að munurinn á menningarhópunum sé eðlislægur. Mismunandi menningarhópar eru oft ekki taldir geta lifað saman í sátt og samlyndi, enda sé það ekki í eðli þeirra.

⁷⁹ Unni Wikan, „Culture: a New Concept of Race“, bls. 57-58.

⁸⁰ Unni Wikan, „Culture: a New Concept of Race“, bls. 58.

⁸¹ Unni Wikan, „Culture: a New Concept of Race“, bls. 58.

Einnig er það talið einkenna ný-rasisma að hann liggur ekki alltaf í augum uppi.

Fræðimenn eru ekki allir sammála um hvort ný-rasismi sé raunverulegt fyrirbæri, eða nýtt og var leitast við að komast að niðurstöðu um það í þessari grein. Sumir telja að hugtakið sé notað til að kæfa niður frjálsa umræðu um ákveðna menningarhópa og aðrir hafa haldið því fram að rasismi í dag sé sá sami og hann hefur verið síðustu sextíu árin eða svo. Áherslan á menningu í fordómum fólks gagnvart fólki af öðrum uppruna er ekki alveg ný af nálinni eins og kemur í ljós þegar til dæmis gyðingahatur er skoðað, en á öldum áður og á fyrri hluta tuttugustu aldar og um miðja öldina hefur samt sem áður verið mun meiri áhersla á líffræðilega þætti frekar en á menningu. Það hefur því orðið ákveðin þróun í fordómum fólks síðustu áratugi. Ný-rasismi er raunverulegt fyrirbæri og voru í greininni tekin nokkur dæmi um ný-rasíska hugsun. Í ljós hefur komið að rasismi í dag er ekki frekar dulinn en hann var á fyrri hluta tuttugustu aldar, en það sem þó er dulið við ný-rasisma er að tenging við kynþætti eða litarhaft liggur ekki alltaf í augum uppi.

Ný-rasismi hefur mikið verið nefndur í sambandi við samskipti Vesturlandabúa og múslima, og þá sérstaklega í því samhengi að þessir hópar séu of ólíkir menningarlega til að geta lifað saman í sátt og samlyndi. Fjallað var um eina þekktustu kenningu síðari ára um átök á milli menningarheima eftir Samuel Huntington og hvort beri á ný-rasisma í henni. Einnig var fjallað um umræðu í tengslum við óeirðir í innflytjendahverfum Frakklands á árinu 2005 og hvernig ný-rasismi kom þar fram. Niðurstaðan var sú að ýmislegt má finna í báðum tilvikum sem bendir til ný-rasisma, þar sem einstaklingar eru dæmdir út frá þeim menningarhópi sem þeir eru taldir tilheyra. Einnig er í báðum tilvikum menningin talin í eðli hópanna. Áhrif menningar á aðlögunargetu og vilja múslimskra innflytjenda á Vesturlöndum voru skoðuð til þess að sjá hvort eitthvað væri til í því að menningin væri í eðli þeirra. Í ljós kom að múslimsk menning stendur ekki í vegi fyrir menningarlegri aðlögun svo neinu nemur og gengur múslimum almennt vel að aðlagast vestrænum samfélögum. Aðlögunin

gengur hins vegar ekki jafn vel í efnahagslegu tilliti. Munurinn sem margir skynja að sé á múslimum og vesturlandabúum er því oft á tíðum ofmetinn og litast umræðan um aðlögun múslimskra innflytjenda oft af ný-rasisma.

Í kjölfarið vaknaði sú spurning hvort ef til vill væri ekki hægt að gagnrýna aðra menningu en manns eigin án þess að það bæri vott um ný-rasisma. Svárið við því er að það sé hægt og að algjört gagnrýnisleysi á menningu og siði getur jafnvel frekar falið í sér rasisma heldur en gagnrýni á siði og gildi sem brjóta gegn mannréttindum. Ný-rasismi felst í því að eigna einstaklingum eiginleika menningarinnar sem þeir tilheyra. Ef gjörðir einstaklinga eru gagnrýndar á þann hátt að þeir njóta virðingar sem sjálfstæðar manneskur með vilja, val og skoðanir þá ætti það ekki að falla undir ný-rasisma, jafnvel þó gjörðirnar séu réttlættar með menningarlegum uppruna. Á þennan hátt er hægt að samræma tvær jafnréttisáherslur: Réttindabaráttu hópa (fjölmenningshyggja) og réttindabaráttu einstaklinga (til dæmis femínismi í sambandi við réttindabaráttu múslimskra kvenna), en þessar áherslur hafa sérstaklega átt í baráttu við hvor aðra í tengslum við íslam.

HEIMILDASKRÁ

Balibar, Etienne. „Is There a ‘Neo-Racism’?“ í *Race, Nation, Class: Ambiguous Identities*. 17-28. London: Verso, 1991.

Blum, Lawrence. *I'm Not a Racist, But...: The Moral Quandry of Race*. New York: Cornell University Press, 2002.

Cox, Michael. „From the Cold War to the War On Terror.“ í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. Ritstj. John Baylis og Steve Smith. 3. útg. 131-157. New York: Oxford University Press, 2006.

The Gallup Coexist Index 2009: A Global Study of Interfaith Relations. Gallup/The Coexist Foundation, 2009.

Gellner, Ernest. *Nations and Nationalism*. Oxford: Blackwell Publishers, 1983.

Grétar Mar Jónsson. 17. apríl 2008. Vefútgáfa Alþingistiðinda. Slóð: <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20080417T190103.html> (sótt 5. september 2009).

Griffin, Nick. „Third World Immigration Turns London into Middle East Battleground.“ The British National Party Website. 11. janúar 2009. <http://bnp.org.uk/category/columnists/nick-griffin/> (sótt þann 15. september, 2009).

Hobsbawm, Eric J. *Nationalism since 1780: Programme, myth, reality*. Cambridge: Cambridge University Press, 1990.

Huntington, Samuel. „The Clash of Civilizations?“. *Foreign Affairs* 72, nr. 3. (1993): 22-49.

Huntington, Samuel P. *Who are we?: The Challenges to America's National Identity*. New York: Simon & Schuster Paperbacks, 2005.

Jóhann M. Hauksson. *Kynþáttahyggja*. Reykjavík: Mál og menning, 1999.

Jón Magnússon. Ísland fyrir Íslendinga. 9. nóvember, 2006. Heimasíða Frjálslynda flokksins. Slóð: <http://old.xf.vefurinn.is/index.php?meira=1552>, (sótt 5. september, 2009).

Lapeyronnie, Didier. „Révolte primitive dans les banlieues françaises : Essai sur les émeutes de l'automne 2005.“ *Déviance et Société* 30, 431-448 (2006).

<http://www.ceetum.umontreal.ca/pdf/Lapeyronnie%20ArticleEmeutesFrance%202005.pdf> (sótt 3. september, 2009).

Levinson, Daniel J. „The Study of Ethnocentric Ideology.“ Í *The Authoritarian Personality*. Ritstj. Max Horkheimer og Samuel H. Flowerman, 102-150. New York: Harper and Row, Publishers, 1950.

Manning, Alan og Sanchari Roy. „Culture Clash or Culture Club?: The Identity and Attitudes of Immigrants in Britain.“ London: Center for Economic Performance, 2007.

Meng, Xin og Dominique Meurs. „Intermarriage, Language, and Economic Assimilation Process: A Case Study of France.“ Bonn: The Institute for the Study of Labor, Discussion Paper, 2006.

Modood, Tariq. „‘Difference’, Cultural Racism and Anti-Racism“. Í *Debating Cultural Hybridity: Multi-Cultural Identities and the Politics of*

Anti-Racism, ritstýrt af Pnina Werbner og Tariq Modood, 154-172. London: Zed Books, 2000.

Muslims in the European Union: Discrimination and Islamophobia. European Monitoring Center on Racism and Xenophobia, 2006.

Murden, Simon. „Culture in World Affairs.“ Í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. Ritstj. John Baylis og Steve Smith. 3. útg. 539-554. New York: Oxford University Press, 2006.

Pautz, Hartwig. „The Politics of Identity in Germany: The Leitkultur Debate.“ *Race and Class* 46, nr. 4 (2005): 39-52.

Primor, Adar. „The veil? It protects us from ugly women.“ *The Guardian*. 25. apríl 2002.

Rattansi, Ali. *Racism: A Very Short Introduction*. New York: Oxford University Press, 2007.

Reuters.com. Austria's Haider says to ban mosque building. 27. ágúst, 2007 (sótt þann 11. september, 2009).

Schwartz, Alice. „So Long, Marianne.“ 22. nóv. 2005. <http://www.signandsight.com/features/470.html> (sótt 3. september, 2009).

Sniderman, Paul M. og Thomas Piazza. *The Scar of Race*. London: The Belknap Press of Harvard University Press, 1993.

Storhaug, Hege. *Dýrmætast er frelsið: Innflytjendastefna og afleiðingar hennar*. Reykjavík: Bókafélagið Ugly, 2008.

Sumner, William Graham. *Folkways: A Study of the Sociological Importance of Usages, Manners, Customs, Mores, and Morals*. Boston: Ginn and Company, 1906.

Wieviorka, Michel. „Is it So Difficult to Be an Anti-Racist“. Í *Debating Cultural Hybridity: Multi-Cultural Identities and the Politics of Anti-Racism*, ritstýrt af Pnina Werbner og Tariq Modood, 139-153. London: Zed Books, 2000.

Wikan, Unni. „Culture: a New Concept of Race.“ *Social Anthropology*. 7, nr. 1 (1999): 57-64.